


2018

SAMFÉLAGSSKÝRSLA



Fjarðaál
alcoa.is



ÁHERSLUR ALCOA FJARÐAÁLS Í SAMFÉLAGS-
ÁBYRGÐ ENDURSPEGLA MARKMIÐ OG STEFNU
FYRIRTÆKISINS SEM SNÚA AÐ ÞVÍ AÐ LAGA
STARFSEMI SÍNA AÐ HUGMYNDAFRÆÐI SJÁLF-
BÆRRAR ÞRÓUNAR.

2018 SAMFÉLAGS-
SKÝRSLA

EFNISYFIRLIT

01	Um skýrsluna	5	08	Mannauður	28
02	Yfirlýsing framkvæmdastjórnar	7	8.1	Starfsánægja	30
03	Ávarp forstjóra	8	8.2	Starfsmannavelta	30
04	Stefna Alcoa Fjarðaáls um samfélagsábyrgð	10	8.3	Jafnréttismál	30
4.1	Mannauður	10	8.4	Starfs- og siðareglur	34
4.2	Umhverfi	11	8.5	Öryggi	34
4.3	Efnahagur/virðisdeðja	11	8.6	Heilsa og velferð	35
4.4	Samfélag	11	8.7	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna	35
05	Samfélagsmarkmið Alcoa Fjarðaáls 2019	12	8.8	Starfsþróun og endurmenntun	36
06	Starfsemi Alcoa Fjarðaáls	14	8.9	Samfélagsmarkmið 2018-árangur	38
6.1	Framleiðsluferli	14	09	Samfélag	39
07	Umhverfismál	18	9.1	Hagsmunaaðilar	39
7.1	Tilkynningar	18	9.2	Styrkir til góðra verka	42
7.2	Grænt bókhald	19	9.3	Samfélagsviðburðir og sjálfböðavinna	44
7.3	Hráefnis- og auðlindanotkun	20	9.4	Sjálfbær þróun á Austurlandi	46
7.4	Losun í andrúmsloft	23	9.5	Samfélagsmarkmið 2018-árangur	46
7.5	Flúor í grasi - umhverfisvöktun	23	10	Efnahagur og virðisdeðjan	47
7.6	Hávaði	25	10.1	Lykiltölur	47
7.7	Úrgangsmál	25	10.2	Fármögnun fyrirtækisins	48
7.8	Frárennslí	27	10.3	Samstarf birgja	50
7.9	Samfélagsmarkmið 2018-árangur	27	10.4	Innkaupanet	51
			10.5	Samfélagsmarkmið 2018-árangur	51
			11	Áritun endurskoðanda	52
			12	GRI-yfirlitstafla	53
			13	Stefnuyfirlýsing Fjarðaáls	58

01

UM SKÝRSLUNA

Skýrslan fylgir nú annað árið í röð, alþjóðlegum GRI staðli um samfélagsábyrgð.

Alcoa Fjarðaál sf. gefur nú út samfélagskýrslu í þriðja sinn og er grænt bókhald fyrirtækisins einnig hluti af skýrslunni líkt og í fyrri skýrslum. Þessi skýrsla fylgir nú annað árið í röð, alþjóðlegum GRI staðli (Global Reporting Initiative Standards) en hann er fyrsti alþjóðlegi staðallinn um samfélagsábyrgð. Með árlegri útgáfu á samfélagskýrslu er fyrirtækið að auka gegnsæi í starfsemi þess sem felst meðal annars í því að gera grein fyrir árangri, stöðu verkefna og tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir auk áhrifa á samfélag, mannauð, efnahag og virðisdeðju.

Alcoa Fjarðaál vill vera fyrirmynd í samfélagsábyrgð og hefur markað sér stefnu sem felst meðal annars í því að draga markvisst úr umhverfisáhrifum beint frá starfsemi og í gegnum virðisdeðju félagsins, hafa jákvæð áhrif á samfélagið og stuðla að jákvæðri uppbyggingu vinnustaðarins þar sem karlar og konur fá jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.

Alcoa Fjarðaál hefur verið aðili að Global Compact í gegnum móðurfélagið frá árinu 2009 og skrifaði fyrirtækið sjálft undir Jafnréttissáttmála UN Women árið 2012. Fyrirtækið hefur einnig verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014 og er þátttakandi í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar sem felst í því að draga úr myndun úrgangs og gróðurhúsa-lofttegunda.

Tólf manna stýrihópur um samfélagsábyrgð hefur haldið utan um gerð skýrslunnar í samstarfi við vottaðan GRI ráðgjafa. Efnistöð skýrslunnar hafa verið skilgreind miðað við bein tengsl starfseminnar við umhverfi og samfélag, og við niðurstöður samtala við helstu hagsmunaaðila félagsins og starfsmenn. Starfsmenn hafa jafnframt verið hvattir til að taka þátt í mótun meginmarkmiða samfélagsábyrgðar félagsins. Þær mælingar sem eru birtar í skýrslunni endurspeglar helstu snertifleti starfseminnar sem skiptast í eftirfarandi kafla: Umhverfi, mannauð, samfélag, virðisdeðju og efnahag. Stýrihópurinn vinnur eftir þessum málaflokkum en hópurinn samanstendur af forstjóra fyrirtækisins og starfsmönnum frá öllum ferlum þess. Að auki koma fjölmargir starfsmenn stjórn-, stoð- og framleiðsluferla að því að taka saman upplýsingar í skýrsluna.

VINNUSTAÐAR- MENNING

Við sýnum hvert öðru vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og metum framlag allra að verðleikum. Þannig myndum við gagnkvæmt traust og sköpum sálrænt öryggi fyrir alla.



02

YFIRLÝSING FRAMKVÆMDA- STJÓRNAR

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er undirliggjandi þáttur í samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls sf. Meginmarkmið samfélagsstefnu fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni. Innleiðing samfélagsábyrgðar Alcoa Fjarðaáls byggir á mælanlegum markmiðum, markvissum aðgerðum og verkefnum með það að leiðarljósi að ná jafnvægi á milli starfseminnar, samfélags, umhverfis og efnahags til lengri tíma lítið.

Alcoa Fjarðaál fylgir eftir gildum og leiðbeiningum móðurfélagsins Alcoa Corporation um stjórnarhætti sem eru byggð á viðmiðum Business Roundtable 2012 Principles of Corporate Governance og eru þær aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt okkar bestu vitund.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar,

A handwritten signature in blue ink that reads "Magnús Þór Ásmundsson".

Magnús Þór Ásmundsson,
forstjóri Alcoa Fjarðaáls

03

ÁVARP FORSTJÓRA



Ágæti lesandi.

Síðustu þrjú ár hefur Alcoa Fjarðaál gefið út samfélagskýrslu. Skýrslan hefur þróast ár frá ári en við höfum ávallt haft það markmið að fylgja stöðlum GRI um samfélagskýrslu-gerð. Í ár var tekin sú ákvörðun að fylgja einnig þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samræmast starfsemi og stefnu okkar í samfélagsábyrgð. Stýrihópurinn sem leiðir gerð samfélagskýrslunnar kom saman í lok síðasta árs ásamt framkvæmdastjórum fyrirtækisins og ráðgjafa til að kortleggja heimsmarkmiðin í samræmi við markmið félagsins í samfélagsábyrgð. Ákveðið var að einblína á sex af þeim 17 heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun sem Sameinuðu þjóðirnar hafa innleitt, en þau markmið sem þóttu best eiga við okkar starfsemi eru:

Markmið 3:

Heilsa og vellíðan

Markmið 5:

Jafnrétti kynjanna

Markmið 8:

Góð atvinna og hagnæmi

Markmið 12:

Ábyrg neysla og framleiðsla

Markmið 13:

Aðgerðir í loftslagsmálum

Markmið 17:

Samvinna um markmiðin

Héðan í frá mun fyrirtækið taka mið af þessum Heimsmarkmiðum við stefnumótun til framtíðar. Í skýrslunni má sjá hvernig þau tengjast markmiðum okkar í samfélagsábyrgð fyrir árið 2019.

Við hjá Fjarðaáli gerum okkur grein fyrir mikilvægi fyrirmynda í um-



féluginu. Við viljum hvetja önnur fyrirtæki til góðra verka með sjálfbærni að leiðarljósi. Við leggjum mikla áherslu á að vinna náið með nærsamfélaginu og hagsmunaaðilum að aukinni vitundarvakningu um samfélagsábyrgð.

Fjarðaál er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins. Á síðastliðnu ári flutti félagið út vörur fyrir tæpa 89 milljarða króna og þar af urðu 31,5 milljarður króna eða 36% eftir í landinu. Þá greiddi fyrirtækið einn milljarð króna í skatta og opinber gjöld á Íslandi. Árlega styður Fjarðaál ýmis samfélagsverkefni og á síðastliðnu ári var úthlutað ríflega 130 milljónum króna til samfélags- og menningarmála.

Rekstrarárið 2018 var okkur því miður þungt. Við náðum ekki sama góða árangri og árið á undan í rekstrar- og umhverfismálum. Við glímdum við óstöðugleika í framleiðslu sem hefur áhrif á árangur okkar í um-

hverfismálum. Þrátt fyrir það skipar Fjarðaál sér í hóp þeirra álvera í heiminum sem losa minnst af flúor og öll okkar losun er innan starfsleyfismarka. Við glímdum jafnframt við hækkandi hráefnisverð á meðan verð á áli hækkaði ekki á mörkuðum auk þess sem launakostnaður jókst. Eitt af stóru verkefnum fyrirtækisins árið 2018 tengdist vinnustaðarmenningu en við stóðum fyrir fundum undir merkjum #metoo byltingarinnar fyrir konur og karla. Í kjölfarið útbjuggum við sérstakan vinnustaðarsáttmála sem starfsmenn gátu ritað nafn sitt á og samþykkt þannig að taka þátt í að byggja upp vinnustað þar sem einelti og áreitni líðast ekki. Markmiðið er að skapa framúrskarandi vinnu- menningu hér hjá Fjarðaáli þar sem öllum líður vel og starfsmenn fá tækifæri til að vaxa í starfi.

Fjarðaál vill vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í jafnréttismálum og valdeflingu kvenna og fylgir viðmið-

um Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Fyrirtækið greiðir konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu og er það staðfest með jafnlaunavottun velferðar- ráðuneytisins.

Samfélagskýrslan er í annað sinn aðgengileg rafrænt á slóðinni samfelagsskyrsla.alcoa.is en þar eru upplýsingar um samfélagsábyrgð og starfsemi fyrirtækisins aðgengilegar öllum. Ennfremur er þetta gert til að lágmarka umhverfisspor við útgáfu þessarar skýrslu.

Magnús Þór Ásmundsson



04

STEFNA ALCOA FJARÐAÁLS UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Áherslur Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð endurspeglar markmið og stefnu fyrirtækisins sem snúa að því að laga starfsemi sína að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Áherslur Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð endurspeglar markmið og stefnu fyrirtækisins sem snúa að því að laga starfsemi sína að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Meginmarkmiðið er að ná jafnvægi milli starfsemi fyrirtækisins og umhverfis-, efnahags- og samfélagslegra þátta. Frá upphafi starfseminnar hefur átt sér stað vöktun umhverfis-, samfélags- og efnahagsvísa og þeim upplýsingum verið komið á framfæri á vefsíðunni sjalfbaerni.is. Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, umhverfisvænan og hagkvæman hátt, í samræmi við kröfur starfsleyfis og gildandi lög og reglugerðir. Stefna félagsins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Alcoa Fjarðaál leggur ríka

áherslu á að hlúa að mannaúði sínum í samræmi við gildi móðurfélagsins um heilindi, árangur og umhyggju.

4.1 MANNAUÐUR

Almenn velferð og öryggi starfsfólks eru ávallt í forgangi. Að sama skapi er lögð áhersla á helgun og þátttöku starfsfólks í starfsumhverfi sem hvetur til stöðugra umbóta og styður við þjálfun og menntun. Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að efla og auka jafnrétti og stuðla að fjölbreytileika og heilbrigðri vinnustaðarmenningu. Fyrirtækið fylgir viðmiðum Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact og reynir ávallt að tryggja að allir einstaklingar hafi jafna möguleika á starfsþróun, jöfn tækifæri varðandi ábyrgð og úthlutun verkefna óháð kyni.

4.2 UMHVERFI

Alcoa Fjarðaál fylgir eftir stefnu móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Frammi-staða fyrirtækisins í þeim efnem er vöktuð með reglulegum mælingum með það að markmiði að tryggja stöðugar umbætur. Starfsemin skilur eftir sig umhverfisfótspor sem hefur verið kortlagt til að lágmarka áhrifin á innra og ytra umhverfi. Í starfseminni er unnið að því með markvissum aðgerðum, vöktun og stýringu að nýta auðlindir betur, lágmarka magn úrgangs og spilliefna frá starfseminni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

4.3 EFNAHAGUR/VIRÐIS- KEDJA

Samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls felst í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni fyrirtækisins og hafa

jákvæð efnahagsleg áhrif í nær-samfélaginu. Alcoa Fjarðaál stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið. Á þann hátt gerir Alcoa Fjarðaál þeim kleift að byggja upp starfsemi sína samhliða uppbyggingu atvinnulífsins á svæðinu. Fyrirtækið gerir strangar kröfur til birgja og þjónustuaðila hvað viðkemur umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Birgjar verða að uppfylla kröfur um samfélagsábyrgð auk þess að vera samkeppnishæfir í verði og þjónustu.

4.4 SAMFÉLAG

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við alla hagsmunaaðila. Fyrirtækið telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum og gegnsæjum stjórnarháttum. Alcoa Fjarðaál á í nánú samstarfi við hags-

munaaðila varðandi uppbyggingu innviða samfélagsins sem snerta samgöngur, nýsköpun, mennta- og félagsmál. Þar að auki leggja Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation fé til ýmissa málefna, menningarviðburða og verkefna á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á að vera virkur þátttakandi í nærsamfélaginu.

Alcoa Fjarðaál á í nánú samstarfi við hagsmunaaðila varðandi uppbyggingu innviða samfélagsins sem snerta samgöngur, nýsköpun, mennta- og félagsmál.

05

SAMFÉLAGSMARKMIÐ ALCOA FJARÐAÁLS 2019



Gildi		Heimsmarkmiðin (SDG)	GRI
Mannauður (heilsa og öryggi)			
Heilindi	Gera samfélagsábyrgð að hluta kennslu í öllum fögum sem kennd eru á vegum fyrirtækisins í Stóriðjuskóla.	SDG 17 - Samvinna	404-1, 404-2
Umhyggja	Innleiddur verður sérstakur hugbúnaður til að styðja enn frekar við innleiðingu á mikilvægasta varnarlaginu ¹ .	SDG 3 - Góð heilsa	403-8, 403-3, 403-4
Umhyggja	Að mikilvægasta varnarlagið (MV) verði til staðar í 95% tilvika í úttektum og tryggt að tengsl á milli slysa og tilvistar MV verði greind.	SDG 3 - Góð heilsa	403-5, 403-2
Umhyggja	Að mældur styrkur óæskilegra lofttegunda í vinnuumhverfi kerskála lækki um 15% miðað við mælingar árið 2018.	SDG 3 - Góð heilsa	403-7
Heilindi	Þjóða öllum starfsmönnum Fjarðaáls upp á fræðslu um ómeðvitaða fordóma.	SDG 5 - Jafnrétti kynjanna	413-1
Umhverfi			
Umhyggja	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda eða losun frá hliðarstafsemi framleiðslunnar (e. scope 2) verður kortlögð og sett verður upp aðgerðaáætlun fyrir kolefnisbindingu í átt að kolefnis- hlutleysi starfseminnar.	SDG 13 - Loftslagsmál	305-5
Umhyggja	Greind verður kolefnislosun frá samgöngum, flutningi vara og framleiðslu.	SDG 13 - Loftslagsmál	305-2, 305-3
Árangur	Innleitt verður reglulegt etirlit með notkun og skiptingu jarðefnaeldsneytis farartækja innan lóðar.	SDG 13 - Loftslagsmál	302-4
Umhyggja	Stefnt er á að lágmarka magn almenns úrgangs ² frá starfseminni um að minnsta kosti 10% frá árinu 2018.	SDG 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	306-2
Samfélag			
Heilindi	Opin ráðstefna um jafnrétti og vinnustaðarmenningu verður haldin á Austurlandi á árinu.	SDG 5 - Jafnrétti kynjanna	413-1,
Heilindi	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem falla að starfsemi Fjarðaáls verða samþætt inn í samfélagsstefnu fyrirtækisins og kynnt helstu hagsmunaaðilum.	SDG 17 - Samvinna	413-1
Umhyggja	Haldinn verður fundur um loftslagsmál fyrir sveitastjórnarfólk á Austurlandi.	SDG 12/13 - Ábyrg neysla/Loftslagsmál	413-1
Heilindi	Bæta spurningu varðandi samfélagsábyrgð Fjarðaáls í árlegri skoðanakönnun fyrir almenning.	SDG 17 - Samvinna	413-2
Efnahagur/ virðisæðja			
Umhyggja	Samningar við birgja sem annast flutninga fyrir Fjarðaál verða endurnýjaðir og sett verður inn ákvæði þess efnis að birgjar dragi markvisst úr kolefnislosun. Losun skuli minnka um 5% á fyrsta ári en 10% á öðru og þriðja ári.	SDG13 - Loftslagsmál/ SDG 8 - Góð atvinna og hagvöxtur	305-3, 308-2
Heilindi	Fjarðaál mun einvörðungu kaupa timbur (bretti og annað notað undir útflutningsvörur) frá vottuðum aðilum.	SDG 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	308-2
Árangur	Stefnt verður að því að hlutfall virðisaukandi vöru (vírs og melmis) aukist um 4,5% miðað við árið 2018.	SDG 8 - Góð atvinna og hagvöxtur	201-1

Alcoa Fjarðaál og starfsfólk Alcoa vinna á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru:

Heilindi Árangur Umhyggja

Helstu tækifæri fyrirtækisins á árinu 2019 felast í því að auka framleiðni með bættri sjálfvirkni. Stefnt er að því að auka fjölbreytni í starfsmannahópnum og hvetja starfsfólk í hlutverkastýrðum tey-um til að hafa umbætur að leiðarljósi í öllu framleiðsluferlinu. Jafnframt er stefnt að því að auka hlutfall virðisaukandi vöru í framleiðslu, vinna að því að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda og koma í veg fyrir aukna myndun úrgangs. Þá eru helstu áskoranir í rekstri fyrirtækisins hár flutnings- og hráefniskostnaður, samkeppni á vinnumarkaði og fjarlægð frá mörkuðum.

¹Mikilvægasta varnarlagið er varnarlag (aðgerð, hlutur eða kerfi) sem skiptir miklu máli eitt og sér eða með öðrum vörnum, til þess að afstýra eða draga úr áhrifum atviks sem gæti leitt til banaslyss.

²Almennur úrgangur frá starfsemi, er úrgangur sem verður til í fyrirtækja rekstri t.d. pappi, pappír, brotamálmar, plastumbúðir, lífrænn úrgangur, timbur og svo framvegis

06

STARFSEMI ALCOA FJARÐAÁLS

Framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári og er álið framleitt með rafgreiningu í 336 kerum.

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á hagkvæman, öruggan og umhverfisvænan hátt. Stefna félagsins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Alcoa Fjarðaál sf. að Hrauni 1 í Reyðarfirði hóf framleiðslu á áli í byrjun apríl 2007 og var framleiðslan komin í fulla afkastagetu í ágúst 2008. Framleiðslugeta álversins í dag er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls voru 538 að meðaltali árið 2018. Auk þeirra vinna að jafnaði um 300 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á lóð álversins við ýmiss störf svo sem framleiðslu, viðhald, þjónustu og ráðgjöf.

Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu þann 8. nóvember 2010. Starfssemi fyrirtækisins fellur undir fyrirtækjaflokk 2.1, álframleiðslu, samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Gildistími starfsleyfisins er til 1. desember 2026 og eftirlit með starfsemi álframleiðslunnar er í höndum Umhverfisstofnunar. Heilbrigðiseftirlit Austurlands sér um eftirlit með margs konar stoðstarfsemi innan álverslóðar, svo sem verkstæðum, spennistöð og starfsmannaaðstöðu.

6.1 FRAMLEIÐSLUFERLI

Framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári og er álið framleitt með rafgreiningu í 336 kerum. Framleiðsluferlið er sýnt á mynd 1.

Ál verður til með rafgreiningu í kerum í kerskála. Þau eru úr stáli en



fóðruð með eldföstum einangrunarefnum. Í kerunum eru bakskaut úr kolefni. Yfirbygging kersins heldur uppi forbökuðum forskautum, sjálfvirkum skurnbrjótum og möturum (e. point fed prebake) fyrir súrál og álflúoríð.

Kerin eru höfð lokuð til að lágmarka hættuna á að gastegundir komist út í kerskálana. Gasið er sogað burtu með afsogskerfi og leitt til þurrhreisivirkja þar sem hreint súrál er notað til þess að hreinsa flúor úr gasinu áður það fer út í andrúmsloftið um reykháf. Þurrhreisivirkið hreinsar meira en 99,8% af heildarflúor úr afsogslofti keranna. Flúorinn er endurnýttur í rafgreiningarferlinu þegar hann fer með súrálínu aftur ofan í kerin. Þegar ker eru opnuð er afsog aukið til að lágmarka það afgang sem sleppur út í kerskála og andrúmsloft en sérstakar verklagsreglur gilda um umgengni við ker.


Fljótandi ál er flutt úr kerskála til steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið blandað íblöndunarefnum eftir pöntun kaupenda og mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Steypuskálinn er hannaður með mikinn sveigjanleika í huga svo hægt sé að bregðast skjótt við breytingum á markaði. Á árinu 2018 skiptist framleiðslan upp í 54% álhleifa, 23% melmisstangir og 19% vír. Tæp 4% framleiðslunnar var frábrigðavara sem var seld til endurbæðslu. Heildarmagn vöru frá steypuskála voru tæp 350.000 tonn. Framleiðsla steypuskála er vottuð samkvæmt ISO 9001:2015 gæðastjórnunarkerfinu. Í steypuskála er kælivatn til framleiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshreisivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Ekkert vatn úr framleiðsluferlum er leitt í frárennsli.

Framleiðsla steypuskála er vottuð samkvæmt ISO 9001:2015 gæðastjórnunarkerfinu.

HRÁEFNI

VINNSLA

ÚTFLUTNINGUR




346.535
ÁL FRÁ KERSKÁLA Í TONNUM

1,54 T CO₂/T ÁL
KOLTVÍSÝRINGUR (CO₂)

99.8%
FLÚORS ENDURNÝTTUR Í FRAMLEIÐSLU

0,29
HEILDARFLÚOR KG/T ÁL



199.845
FORSKAUT, TONN

Hreinsuð forskaut fara aftur til Noregs í endurvinnslu og kerbrot frá kersmiðju, þar sem ker eru endurfóðruð, fara til endurvinnslu.

47.457
SKAUTLEIFAR OG KERBROT TIL ENDURVINNSLU Í TONNUM

13,74 KG/T ÁL
BRENNISTEINSSAMBÖND (SO₂)

2.400
ÁLRIKUR ÚRGANGUR TIL ENDURVINNSLU Í TONNUM

0,077 T CO₂-ÍG /T ÁL
PFC EFNI

Helstu innfluttu hráefni Fjarðaáls koma annars vegar frá Ástralíu (súrál) og hins vegar frá Noregi (forskaut). Þá er álflúoríð flutt til landsins frá Noregi. Þegar súráli er landað í Mjóeyrarhöfn er það sogað upp úr lest skipsins og flutt með færíbandi í súrálssíló sem tekur 90 þúsund tonn.

667.423
INNFLUTT SÚRÁL Í TONNUM


7.067
INNFLUTT ÁLFLÚORÍÐ Í TONNUM

4.934
RAFORKA Í GWH

67.357
FERSKVATNSNOTKUN Í M³

Fljótandi ál er flutt úr kerskála í steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Fjarðaál framleiðir álhleifa, vír og memisstangir.

88.600.000.000
ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI Í KRÓNUM



Í steypuskála er kælivatn til framleiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshreinsivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Aukaafurðir og spilliefni frá framleiðslu eru flutt til endurvinnsluaðila í Evrópu.

ÚTFLUTNINGUR STEYPUKÁLA Í TONNUM:


189.787
ÁLHLEIFAR

80.842
MELMI

65.812
VÍR

13.392
FRÁBRIGÐAVARA

27%
VATN ENDURNÝTT Í VATNSHREINSIVIRKI



07

UMHVERFISMÁL

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi og setur sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum.

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi og setur sér metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum á ári hverju.

Fyrirtækið stendur fyrir yfirgripsmikilli umhverfisvöktun í Reyðarfirði í samræmi við vöktunaráætlun sem er samþykkt af Umhverfisstofnun. Niðurstöður eru birtar í ársskýrslu sem er aðgengileg á heimasíðum Alcoa Fjarðaáls og Umhverfisstofnunar. Tilgangur umhverfisvöktunarinnar er að meta það álag á umhverfið sem starfsemi álversins veldur í nágrenni sínu.

Helsta uppspretta mengandi efna í lofti er útblástur frá kerskála. Sá útblástur fer annars vegar upp um rjáfur skálanna og er hins vegar sogaður burt frá kerum og leiddur um þurrhrensivirki eins og lýst er í kafla 6.1 um framleiðsluferli.

7.1 TILKYNNINGAR

Á árinu 2018 voru sendar inn 24 formlegar tilkynningar til Um-

hverfisstofnunar og Heilbrigðis- eftirlits Austurlands. Þetta eru óvenjumargar tilkynningar sem stafa af því að nokkur óstöðugleiki var í kerrekstri á árinu sem leiddi til óvenju margra kerleka. Kerlekar (sjá 7.1.1) geta hafa í för með sér sýnilega mengun, en eru einangraðir innan svæðis og hafa takmörkuð áhrif á umhverfi. Alls voru sendar inn 19 tilkynningar varðandi kerleka og vinnu tengda hreinsun á þeim. Aðrir viðburðir sem tilkynnt var um voru eftirfarandi:

- Í apríl var tilkynnt um gáma með spilliefnum sem voru í umskipun í Rotterdam, þar sem merkingar og frágangur stórsekkja var ábótavant. Atvikið hafði engin umhverfisáhrif í för með sér.
- Í september var tilkynnt um sýnilega rykmengun frá löndun súrals. Þess ber að geta að súral er ekki hættulegt umhverfinu og hafði þetta því takmörkuð áhrif önnur en sýnileikann.

- Í október var tilkynnt um að kvörðun mælíbúnaðar fyrir sýnatökur í rjáfri

7.2 GRÆNT BÓKHALD

	Niðurstöður 2015	Niðurstöður 2016	Niðurstöður 2017	Niðurstöður 2018	Markmið 2018	Eining
Framleiðsla						
Hreint ál	344.907	329.994	353.733	346.535	-	t

Hráefna- og auðlindanotkun

Súral	664.292	635.569	681.290	667.423	-	t
Álflúoríð	5.046	6.296	7.216	7.067	-	t
Forskaut	192.487	194.600	196.467	199.845	-	t
Bakskaut	2.070	1.300	282	452	-	t
Vatnsnotkun	75.858	59.738	77.430	67.357	-	m ³
Raforka	4.863	4.699	4.964	4.934	-	GWh ¹
Própan (GSH220, GSH280)	292.872	285.667	155.991	151.196	-	l
Lífdísil -B10 (GHS07, GHS08, GHS09)	498.324	13.438	3.271	-	-	l
Dísilolía (GHS07, GHS08, GHS09)	58.525	526.185	495.434	503.119	-	l
Bensín (GHS02, GHS07, GHS08, GHS09)	3.223	2.971	5.369	7.503	-	l

Notkun varasamra efna önnur en talin eru upp og auðkennd með varúðarmerkingum í framleiðslu og hráefnis- og auðlindanotkun

Koltjörubik (GHS08)	518	113	52	75	-	t
Örveruhemjandi efni (GHS05, GHS09)	38	65	63	62	-	t
Smurólía og smurfeiti	37.202	39.144	49.417	40.941	-	l
Kælimiðlar	497	589	94	336	-	kg

Losun í andrúmsloft

Heildarflúoríð	0,29	0,25	0,24	0,29	<0,25	kg/t áli
Þar af loftkennt flúoríð	0,14	0,15	0,14	0,18	-	kg/t áli
Þar af Flúoríð í ryki	0,14	0,10	0,10	0,11	-	kg/t áli
Brennisteinssambönd sem SO₂	14,93	14,08	14,10	13,74	-	kg/t áli
Þar af frá forskautum	12,76	12,86	12,78	12,48	-	kg/t áli
Þar af frá súrali og COS	2,18	1,22	1,32	1,27	-	kg/t áli
Ryk	0,43	0,36	0,30	0,40	<0,4	kg/t áli
Koltvísýringur (CO₂)	1,54	1,54	1,51	1,54	-	t CO ₂ /t áli
Flúorkolefni (PFC)	0,191	0,091	0,068	0,077	<0,1	t CO _{2-ig} /t áli
Brennisteinshexaflúoríð (SF₆)	0,20	0,91	0	0,92	0	kg CO _{2-ig} /t áli

Úrgangur

Til endurvinnslu/endurnýtingar	52.006	54.799	48.466	51.822	-	t
Þar af skautleifar	44.432	48.788	43.714	46.432	-	t
Þar af álfleytur	1.540	315	19	14	-	t
Úrgangur til brennslu orkuvinnsla	93	66	50	53	-	t
Úrgangur til urðunar	264	333	342	217	-	t

Spilliefni

Til endurvinnslu/endurnýtingar	9.877	6573²	5.694	5.739	-	t
Þar af kerbrot	6.405	2.496	1.331	1.025 ⁴	-	t
Þar af algjall	1.470	1.687	2.459	2.386	-	t
Til urðunar	4	0	0	2	-	t
Til brennslu orkuvinnslu	165	81	143	96	-	t
Þar af olíumenguð spilliefni	165	68	98	2	-	t

Aukaafurðir

Raflausn (GHS07, GHS08, GHS09)	4.756	2.612	4.880	3.880	-	t
--------------------------------	-------	-------	-------	-------	---	---

Mælingar í frárennsli til sjávar³

Olía og fita	<2	<2-11	<2	<2-7	-	mg/L
Ál	0,1-0,65	0,1-0,4	0,46-0,69	0,67-1,70	-	mg/L
Flúor	4,5-8,6	4,1-7,9	5,3-9,2	1-8,6	-	mg/L

¹ 1 GWh jafngildir 1.000.000 kWh.

² Hluti af magni spilliefna frá framleiðslu var sent til endurvinnslu á árinu 2017.

³ Gildi gefin upp sem lægsta og hæsta mældu gildi fyrir árið.

⁴ Vegna tafa í móttöku hjá úrvinnsluaðila var ekki hægt að senda kerbrot til endurvinnslu á árinu.

■ Árangur betri en innra markmið
■ Innra markmið náðist ekki.



kerskála hafði ekki farið fram árið 2017. Gert er ráð fyrir árlegri yfirferð á búnaði samkvæmt mæliáætlun. Þessi atburður hafði ekki í för með sér umhverfisleg áhrif.

- Í nóvember kom í ljós bilun í tölvu-kerfi, austurhluta reykheinsivirkis sem varð til þess að afsog stöðvaðist tímabundið.
- Í nóvember var tilkynnt um að von væri á hækkan brennisteinsinnihalds í forskautum, í samræmi við tilkynningu frá framleiðanda þeirra. Þessi tímabundna hækkan hafði ekki áhrif á heildarlosun brennisteinssambanda sem SO₂ og var undir starfsleyfismörkum.

Í öllum þeim tilvikum sem hér um ræðir var brugðist skjótt við til að lágmarka möguleg umhverfisáhrif, þar sem það átti við. Farið var yfir atvik sem upp komu og verklagsreglur yfirfarnar og uppfærðar eins og þurfti til þess að koma í veg fyrir sambærilegt atvik.

7.1.1 Hvað er kerleki?

Kerlekar verða þegar hliðarfóðring eða botn kers gefur sig og fljótandi ál og/eða raflausn lekur úr kerum. Þetta gerist yfirleitt þegar ker er komið á sitt síðasta aldurskeið og óstöðugleiki í rekstri kersins veldur truflun á eðlilegum rekstri þess, með þessum afleiðingum. Til þess að efla öryggi í kerskála þá hefur

eftirlit verið aukið með eldri kerum og sýnatökum úr þeim fjölgað. Þannig næst betur að hafa stjórn á flestum kerum sem lenda í þessum aðstæðum, en í sumum tilfellum, þar sem ekki næst að lagfæra kerin, leiðir það til kerleka. Við kerleka getur orðið mikið sýnilegt ryk og gufumyndun. Viðbragðsáætlun í kerskála vegna kerleka miðar að því að hægt sé að bregðast eins skjótt við og hægt er, til að lágmarka hugsanleg umhverfis-, heilsu-, og öryggisáhrif sem svona viðburður getur haft í för með sér.

7.3 HRÁEFNIS- OG AUÐLINDANOTKUN

Lykiltölur varðandi framleiðslu, hráefnis- og auðlindanotkun koma fram í kafla 7.2.

Framleiðsla áls árið 2018 var 346.535 tonn, sem er lækkun milli ára og var heildar rafmagnsnotkun á hvert framleitt tonn af áli 14.238 kwh og hækkaði úr 14.033 kwh. Notkun álflúoríðs lækkaði um 149 tonn milli ára, sem er í samræmi við framleiðsluminnkun. Eftir óstöðugleika sumarið 2016 gekk vel að koma kerum í rekstur aftur og keyra upp straum árið 2017, en það ár var álframleiðslan sú mesta frá upphafi. Í upphafi árs 2018 hófst annað tímabil óstöðugleika sem tengdist hráefnum og nýtni á þeim. Brugðist

var við því með því að keyra kerlínur tímabundið á lægri straum en gert var ráð fyrir í áætlunum. Þess vegna voru fleiri ker tekin úr rekstri á haustmánuðum en gert var ráð fyrir. Þetta leiddi því til neikvæðra áhrifa á heildarframleiðslu ársins. Unnið hefur verið í að því að koma kerfóðrun í fullan gang á ný eftir hlé árið 2018 og einnig að því að hækka straum. Gert er ráð fyrir að ná jafnvægi aftur á þriðja ársfjórðungi 2019. Um áramót 2017-2018 voru 336 ker í rekstri, en vegna óstöðugleikans eins og lýst er hér að framan, voru í lok árs 324 ker í rekstri.

Í lok árs 2017 voru tilbúin fimm endurfóðruð ker, en þau voru tekin í notkun á fyrri hluta árs eftir kerleka, eða í stað kera sem stöðvuð voru af öðrum ástæðum. Endurfóðrun kera var flýtt vegna tíðra kerleka en þar sem ekki var gert ráð fyrir endurfóðrun í lok árs og ný hráefni ekki til staðar, voru eldri birgðir af þjöppusalla úr koltjörubiki notaðar, eða 75 tonn. Þar sem að pöntunarfrestur birgja sem útvegar þjöppusalla án hættulegra efna var of langur, var þessi koltjörubikssall notaður í fimm ker á haustmánuðum, en til stóð að farga þessu efni. Sending kom svo undir lok árs af umhverfisvænum þjöppusalla. Af honum voru notuð tæp 38 tonn og verður hann notaður framvegis í endurfóðrun kera. Þetta nýja efni hefur hingað til gefið mjög góða raun. Í endurfóðrun keranna voru að auki notuð 452 tonn af bakskautum og 291 tonn af leiðurum í þau 16 ker sem voru endurfóðruð.

Allt kælivatn frá iðnaðarferlum er hreinsað í vatnshreinsivirki og endurnýtt í steypuskála, en vatnsnotkun Fjarðaáls er með því lægsta sem þekkt inn Alcoa samstæðunnar. Vatnsnotkun lækkaði á milli ára samkvæmt inntaksmæli Fjarðabyggðar á lóð Fjarðaáls¹. Í heildina voru notuð tæp 98.521 tonn af vatni á tveimur stærstu steypuvélum í steypuskála, þar af 71.974 tonn af ferskvatni frá vatnsbóli Fjarða-

Tafla 1

Samanburður aksturstíma ökutækja milli ára	2017	2018
Lyftarar	16.505	22.037
Deiglubílar	9.900	10.752
Skautbílar	16.251	15.803
Baðbílar	3.268	3.372
Ryksugubíll	2.084	2.250
Moksturstæki	1.595	1.253
Sópbílar	423	285
Samtals	50.026	55.752

Aukning akstursstunda: 5.726

byggðar við Geithúsaá, samkvæmt mælum Fjarðaáls. Þannig voru tæp 27% vatns sem notað var, endurnýtt annarsvegar í gegnum filterkerfi, og hins vegar í gegnum eimingu. Uppgufun vatns í gegnum kæliturena er tæp 58% af heildarnotkun á þessum tveimur steypuvélum. Engu kælivatni frá iðnaðarferlum er veitt í frárennsli. Jafnframt er hluti varmans sem myndast frá kælivatni nýttur til húshitunar og snjóbræðslu á lóðinni.

Samanlögð notkun jarðefnaeldsneytis á farartækjum jókst frá fyrra ári um 6.548 L. Árið 2018 var engin lífdísilólía notuð, en vegna vanda mála sem komu upp í tengslum við rekstur frarataekja á svæðinu árið 2016, við blöndun lífdísils, var tekin ákvörðun um að hætta að nota hann til að tryggja öryggi mikilvægs búnaðar. Notkun á dísilólíu hækkaði úr 495.434 L í 503.119 L á milli árunum.

Tafla 2

Orkunotkun úr eldsneyti í gígajoulum	2016	2017	2018	Hlutfallsleg breyting milli ára
Biodísel 10%	307	74	0	100%
Dísel	20.311	19.124	19.420	1,55%
Bensín	102	184	257	39,75%
Própan	26.653	14.554	14.107	3,07%
Samtals orkunotkun	47.372	33.935	33.784	0,45%

■ minnkun ■ aukning

¹ Í byrjun árs 2019 kom í ljós misræmi í mælingum á vatnsmæli Fjarðabyggðar samanborið við vatnsmæli í málmeisteypu árið 2018, en mælt magn vatns við inntak á lóð mældist minna en mæld notkun ferksvatns á steypuvélum í steypuskála.

2017 og 2018. Notkun á bensíni jókst einnig, úr 5.369 L í 7.503 L. Aukin notkun jarðefnaeldsneytis á farartækjum samsvarar losun um 10,7 tonn ígilda CO₂. Möguleg áhrif til þessarar breytinga, geta verið breytingar á akstursleiðum eða aksturstíma og haft áhrif á notkun til aukningar. Þegar aksturstímar ársins 2017 voru bornir saman við árið 2018 kom í ljós að aksturstími vinnutækja á álverslóð jókst um tæpar 6.000 klukkustundir. Ljóst er að hér er tækifæri til að gera betur og endurspeglast það í markmiðum fyrir árið 2019.


Engu kælivatni frá iðnaðarferlum er veitt í frárennsli.

Notkun própans minnkaði á milli ára eða um 4.795 L. Þessi minnkun samsvarar 6,5 tonnum CO₂ ígilda á móti 195 tonna minnkun milli árunum 2016 og 2017. Própan er notað til forhitunar á búnaði í steypuskála, m.a. mótum á hleifasteypuvél. Vegna markaðsaðstæðna árið 2017 var nánast stöðug framleiðsla á hleifum og þurfti því mun minni forhitun á mót en fyrri ár. Í lok árs 2017 voru settir upp nýir gasbrennarar sem stuðla enn frekar að minni gasnotkun. Aukin sjálfvirkni í stjórnun á kælingu hefur einnig verið innleidd til að tryggja að gasnotkun er ekki meiri en hún þarf að vera á hverjum tíma.

Í töflu 2 er yfirlit yfir orkunotkun úr þeim eldsneytisgjöfum sem notaðir voru á svæðinu, en heildarorkunotkun í gígajoulum lækkaði um 0,45% árið 2018 miðað við árið á undan.


Mynd 2

LOSUN HEILDARFLÚORÍÐS (kg/t ál)




Mynd 3

LOSUN RYKS (kg/t ál)



Mynd 4

LOSUN BRENNISTEINSDÍOXÍÐS FRÁ FORSKAUTUM (kg/t ál)



7.4 LOSUN Í ANDRÚMSLOFT

Fylgst er með losun helstu mengandi efna en þau eru loftkennt flúoríð (HF), ryk og brennisteinsdíoxíð (SO₂) auk gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings (CO₂), flúorkolefna (PFC) og brennisteinshexaflúoríðs (SF₆). Upplýsingar um losun eru teknar saman í kafla 7.2.

Heildarlosun flúors var 0,29 kg á hvert framleitt áltonn sem er hækkun frá fyrra ári og var yfir innri markmiðum fyrirtækisins. Heildar-ryklosun var við innra markmið fyrirtækisins og mældist 0,40 kg/t ál og hækkaði einnig milli ára.

Losun brennisteinsdíoxíðs (SO₂) frá notkun forskauta var nokkuð undir mörkum þess sem losa má frá forskautum, eða 12,48 kg/t áls. Losunin var svipuð á milli ára (mynd 4). Fylgst er vel með brennisteinsinnihaldi skauta og berast vikulega upplýsingar frá birgja. Heildarlosun brennisteinssambanda sem SO₂ nam 13,74 kg/t ál og lækkar á milli ára.

7.4.1 Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun koltvísýrings (CO₂) er reiknuð út frá notkun forskauta með massajafnvægisreikningum. Losun árið

2018 var 1.54 t CO₂/t ál og eykst frá fyrra ári.

Á mynd 6 sést losun flúorkolefna (PFC) sem ígildi CO₂ á árunum 2014–2018. PFC er gróðurhúsalofttegund sem myndast við spennur í kerum og útblástur þessara efna er reiknaður út frá fjölda og tímalengd spennurisa. Árið 2018 voru losuð 0,077 tonn CO₂-ígilda af PFC efnunum á hvert framleitt áltonn. Þetta samsvarar að 3,3 tonn af PFC efnunum út í andrúmsloft. Losun á PFC efnunum hækkar frá fyrra ári. Hækkun má rekja til óstöðugleika í álframleiðslu sem fjallað var um í köflum 7.1.1 og 7.3.

Fjarðaál fylgist alltaf vel með losun helstu mengandi efna.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu hækkaði milli ára sem nam rúmunum 1.658 tonnum ígilda CO₂. Þessi hækkun stafar helst af losun PFC efna, en þau eru margfalt öflugri gróðurhúsalofttegund en CO₂. Á árinu voru notuð tæp 14 kg af brennisteinshexaflúoríði til fyllingar

á rofabúnað sem samsvarar 0,92 kg CO₂-ígildi/t ál eða 318 tonnum CO₂ ígilda. Engin losun var árið 2017, og er því samanburður í töflu 3 miðaður við árið 2016. Á árinu 2016 var losun vegna SF₆ sem samsvarar 0,91 kg CO₂-ígildi/t ál eða 301 tonn ígildi CO₂.

7.5 FLÚORÍGRASI-UMHVERFISVÖKTUN

Umhverfisvöktun Alcoa Fjarðaáls er yfirgripsmikil en hún er í samræmi við vöktunaráætlun á helstu þáttum umhverfis í Reyðarfirði, svo sem mælingar á loftgæðum og gróður-rannsóknir. Niðurstöðurnar eru kynntar í ársskýrslu sem kemur út í maí en hún er aðgengileg á vef Umhverfisstofnunar og vef Alcoa Fjarðaáls. Einn þáttur sem vel er fylgst með yfir sumarmánuði er styrkur flúors í grasi en niðurstöður þeirra mælinga eru sýndar á mynd 7.

Niðurstöður fyrstu mælinga sumarsins 2018 sýndu óvenju háan styrk flúors sem mátti rekja til veðurbliðu í byrjun sumars. Eftir því sem leið á sumarið fóru niðurstöður mælinga lækkandi og lokaniðurstaðan var innan viðmiðunarmarka, en þó nokkuð hærrí en undanfarin ár. Hitaskil

Tafla 3


Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda í tonn CO ₂ ígilda		Losun 2016	Losun 2017	Losun 2018	Minnkun/aukning
Scope 1*	Kolefnisnotkun	507.949,3	534.269,6	533.467,4	-0,15%
	Bein losun				
	PFC	30.138,6	24.096,1	26.559,8	10,2%
	Própan	432,9	237,8	231,3	-2,7%
	Asetýlen	0,4	0,3	1,8	500,0%
Díesel	2,4	1,7	3,7	117,6%	
Scope 2	Díesel	1.453	1.343,0	1.348,4	0,4%
	Óbein losun				
	Bensín	7	12,0	17,3	44,0%
	HFC	1.114	251,8	635,9	152,5%
SF ₆	301	0,0	318,1	5,7%	
Scope 3	Notkun bílaleigubíla	-	6,8	3,4	-50,0%
	Óbein losun				
	Urðun**	52,4	64,6	39,3	-39,1%
Flutningur í urðun*	6,1	5,8	4,7	-18,4%	

* „Scope“ vísar til uppruna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, þar sem 1 er beint frá framleiðslu, 2 óbein losun tengd orkunýtingu og 3 er önnur óbein losun.


**Stuðst er við stuðla frá Festu frá árinu 2017, tölur fyrir 2016 og 2017 endurreiknaðar í samræmi við það.

■ minnkun ■ aukning


Mynd 5

LOSUN KOLTVÍSÝRINGS (t CO₂/t ál)

Mynd 6

LOSUN FLÚORKOLEFNA SEM CO₂-ÍGILDI (t ígildi CO₂/t ál)

Mynd 7

HEILDARNIÐURSTÖÐUR FLÚOR Í GRASI (µg/g)

Styrkur flúors í grasi. Appelsínugula línan sýnir mörk til viðmiðunar fyrir grasbíta sem sett hafa verið í vöktunaráætlun.

í Reyðarfirði í heitu og stilltu veðri geta haft áhrif til hækkunar á flúor í grasi og var þetta greinanlegt í sýnum sem tekin voru fyrir hluta sumarsins. Útblástur frá álverinu yfir sumarmánuðina var hins vegar með minnsta móti, og vel innan mánaðarmarka starfsleyfis og þeirra innri markmiða sem sett voru fyrir árið 2018, en innri markmið eru þrengri en starfsleyfismörkin.

Í álverinu er starfandi stýrihópur allt árið um kring til að vakta þessa vinnu og árangur. Starfsfólk fær umhverfisfræðslu svo það átti sig á mikilvægu hlutverki þess í að lágmarka losun og vel er fylgst með áreiðanleika mengunarvarnaraðar. Ytri þættir hafa einnig áhrif á styrk flúors í grasi svo sem veðurfar og staðhættir. Ástæðan fyrir því að fylgst er náið með flúorstyrk í grasi er til að tryggja heilbrigði dýra sem ganga í firðinum. Gott samstarf hefur verið við bændur sem stunda sauðfjárrækt í Reyðarfirði og hafa dýralæknar skoðað dýrin árlega. Niðurstöður benda til að losun flúors hafi ekki áhrif á heilsufar dýra á svæðinu.

7.6 HÁVAÐI

Alcoa Fjarðaál mælir umhverfishávaða frá starfsemi sinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Þessar mælingar eru gerðar á átta ára fresti samkvæmt mæliáætlun, eða ef gerðar eru breytingar á rekstri, í

samræmi við reglugerð 724/2008 um hávaða. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2012 þegar kersmiðjan tók til starfa, og voru niðurstöður undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar. Þar sem ekki eru áætlaðar breytingar í starfsemi fyrirtækisins verða næstu mælingar gerðar árið 2020.

7.7 ÚRGANGSMÁL

Alcoa Fjarðaál hefur þá sýn að hægt sé að endurvinna allan úrgang og að urðun sé síðasti kostur. Fyrirtækið leggur áherslu á að leita leiða til að koma úrgangi og spilliefnum frá framleiðslu til endurvinnslu, en markmið móðurfélagsins eru að árið 2030 fari engar aukaferðir til urðunar.

Flokkun á upprunastað er undirstaða þess að hægt er að koma stærstum hluta úrgangs til endurvinnslu frá fyrirtækinu. En að auki er stöðugt leitað tækifæra til lágmarkunar til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Heildarmagn úrgangs á árinu 2018 var 57.929 tonn og þar af voru 99,4% endurunin og 0,3% sem send voru til brennslu innanlands. Alls fóru 216 tonn af úrgangi til urðunar, eða tæp 0,4% af heildinni. Þetta er lækun um 36% á milli ára en í lok júní 2018 var lífrænn úrgangur frá mótuneyti og kaffistofum í fyrsta skipti sendur til


jarðgerðar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð sem hóf slíka vinnslu á árinu. Ljóst er að sellulósi, sem er lífrænn úrgangur frá vatns-hreinsivirki mun líklega ekki nýtast til moltugerðar að sinni, en það er nánast eini úrgangurinn sem fer að staðaldri til urðunar. Áfram verður leitað leiða til þess að lágmarka urðun og koma sellulósa í nýtingarferli.

Urðunarhlutfall lækkar frá fyrra ári um 0,3% en heildarmagn úrgangs hækkaði um tæp 6% á milli ára. Að hluta til er hækkingin tilkomin vegna aukins kerbrots, sem ekki var gert ráð fyrir fyrr en á árinu 2019 en einnig var vart við aukningu í framleiðsluúrgangi, vegna óstöðugleika sem árið einkenndist af og hefur þegar verið fjallað um. Þar áttu kerlekar þátt í magnaukningu, en óstöðugleiki í rekstri hefur almennt áhrif á úrgangsmyndun til aukningar.

Mestur hluti, eða um 98% úrgangs verður til vegna framleiðslunnar. Á mynd 8 má sjá hlutfall úrgangs og spilliefna, annars vegar frá framleiðslunni og hins vegar frá almennum rekstri. Einnig sést hlutfallslegt magn úrgangs sem fór til urðunar af heildarmagni. Hreinsaðar forskautaleifar eru um 80% af heildarmagni þess úrgangs sem er sendur til endurvinnslu. Þær eru endurunar í Mosjøen í Noregi og notaðar í ný forskaut og voru 23% af heildarmagni innfluttra forskauta.




HLUTFALLSLEG SKIPTING OG RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS ÁRIÐ 2018



UPPRUNI

- Aukaafurðir frá rekstri
- Spilliefni
- Spilliefni frá framleiðslu
- Aukaafurðir frá framleiðslu



RÁÐSTÖFUN

- Urðun
- Brennsla
- Endurnýtt/endurrunnið

Undanfarin ár hefur náðst mikill árangur í endurbæðslu innanhúss á álfleytum² (e. skimmings), en á síðasta ári voru einungis send 14 tonn til endurvinnslu, miðað við allt að 2.000 tonn á síðustu árum. Samtals voru endurbætt ál og álfleytur innanhús 6.045 tonn, eða 1,7% af heildarframleiðslu kerskála.

7.8 FRÁRENNSLI

Skólþ frá fyrirtækinu og nærliggjandi iðnaðarsvæði er meðhöndlað í hreinsivirki sem staðsett er á iðnaðarsvæðinu við Hraun. Skólpið fer í gegnum fjögurra þrepa hreinsun áður en því er veitt til sjávar. Föstum efnum úr skólphreinsistöð er komið til endurvinnslu í jarðvegsgærð í tengslum við skógrækt. Hreinsivirkid er rekið af þriðja aðila.

Frárennsli af svæðum þar sem unnið er með olú eða efnavöru er leitt í gegnum olúskiljur og frárennsli frá eldhúsi er leitt gegnum fitugildru. Eru þær tæmdar reglulega og olúmengudu vatni komið í úrvinnslu hjá viðeigandi aðilum þegar við á.

Yfirborðsvatn af iðnaðarlóð er leitt um settjarnir áður en það rennur til sjávar. Sýni eru tekin úr frárennsli tjarna að hausti og vori. Sýnin árið 2018 voru undir starfsleyfismörkum. Niðurstöður mælinga á áli, olú/fitu og flúoríðum eru gefnar upp sem hæsta og lægsta gildi í kafla 7.2. Samkvæmt starfsleyfi má magn svifagna í frárennsli ekki aukast um meira en 10 mg/L miðað við mælt magn í innrennsli. Mesta hækkun mældist í einu sýni 9 mg/L en almennt var um lækkun að ræða.

²Álfleytur eru álafurð sem er fleytt ofan af álhleifum í hleifasteypuvél, álinnihald er yfir 90% en saman við það er álgjall sem myndast við snertingu heits máls og súrefnis.

7.9 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2018 – ÁRANGUR

Að bein losun frá framleiðslu lækki um 0,5-1% á árinu 2018, með bættri nýtingu kolefnis í framleiðsluferlinu.

Bein losun frá framleiðslu jókst á árinu um 0,3%. Óstöðugleiki ársins 2018 varð til aukningar á losun, en stöðug vinna er í gangi til að bæta nýtni hráefna í átt að minnkaðri losun.

Að við útskipti á ökutækjum verði valin inn umhverfisvænni kostur/minna mengandi en sá sem var fyrir.

Endurnýjun á ökutækjum gekk ekki eftir eins og var áætlað 2018. Gamli flotinn var áfram notaður og varð aukning í útblæstri frá farartækjum vegna aukinnar notkunar. Til stóð að sex nýir rafmagnslyftarar yrðu keyptir inn haustið 2018, en vegna tafa í framleiðslu er ekki von á þeim fyrr en á öðrum ársfjórðungi 2019.

Tveir nýir raflausnarbílar voru keyptir inn á árinu sem að leysa ríflega 10 ára gamla bíla af hólmi. Þeir eru dísilknúnir og sparneytnari en fyrirrennarar þeirra og voru teknir í umferð í lok ársins 2018.





08

MANNAUÐUR

Alls hafa ríflega 800 manns atvinnu á álverssvæðinu við Reyðarfjörð.

Starfsmenn Fjarðaáls voru um 538 á árinu 2018. Þar af eru konur um 22% starfsmanna sem er hæsta hlutfall sem þekktist innan álvera Alcoa. Í framkvæmdastjórn Fjarðaáls sitja alls ellefu manns, þar af þrjár konur. Starfsmenn fylgja ýmist Vinnustaðasamningi Alcoa Fjarðaáls, AFLs og RSÍ, eða eru með einstaklingsbundna samninga þar sem launaþróun fylgir samningi VR við SA.

Fjarðaál hefur þá stefnu að útvísta þeim verkefnum í starfsemi sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi. Með þeim hætti rennir fyrirtækið stoð-


um undir uppbyggingu og rekstur annarra fyrirtækja og frekari atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Samtals vinna um 300 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á álverssvæðinu. Alls hafa því ríflega 800 manns atvinnu á álverssvæðinu við Reyðarfjörð. Verktakar starfa meðal annars við rekstur mótuneytis, þrif, verkfræðihönnun og framkvæmd fjárfestingaverkefna, starfsmannaakstur, innkaup og lagerhald á rekstrarvörum og varahlutum, við vélsmíði og viðhald, hafnarstarfsemi og vöruflytninga svo eitthvað sé nefnt.

Tafla 4


Búseta starfsmanna Fjarðaáls	2017	2018
Búseta í Fjarðabyggð	61.8%	62.60%
Búseta í Fljótsdalshéraði	29.8%	29.70%
Búseta annarsstaðar á Austurlandi	3.5%	3.70%
Búseta annarsstaðar á landinu	5.0%	3.90%

Mynd 9

SAMSETNING VINNUAFLS EFTIR STÖRFUM



SAMSETNING VINNUAFLS EFTIR ALDRI



Tafla 5

Nýráðningar	2016	2017	2018
Fastráðningar	110	29	24
Tímabundnar ráðningar	41	23	15
Ráðningar sumarstarfsmanna	113	110	113
Íhlaupastarfsmenn í tímavinnu	59	48	55

Búseta nýráðinna starfsmanna Fjarðaáls	2016	2017	2018
Búseta í Fjarðabyggð	70%	74%	75%
Búseta á Fljótsdalshéraði	22%	19%	17%
Bústa annarsstaðar á Austurlandi	5%	3%	0%
Búseta annarsstaðar á landinu	3%	3%	8%

8.1 STARFSÁNÆGJA

Árlega gerir Gallup vinnustaðar-greiningu meðal starfsfólks Fjarðaáls þar sem starfsánægja er meðal annars könnuð. Árið 2018 var meðaleinkunn 3,99 í spurningu um ánægju starfsmanna með vinnustaðinn. Mælt var á kvarðanum 1-5. Lækkun milli ára er 0,41. Ekki er hægt að gefa einhlíta skýringu á þessari lækkun, en meðal þess sem getur spilað inn í er erfitt rekstrarár. Í byrjun árs 2019 voru niðurstöður könnunar kynntar fyrir starfsfólki og settar upp aðgerðir til að auka starfsánægju og helgun.

8.2 STARFSMANNAVELTA

Starfsmannavelta hélt áfram að lækka á milli ára og var rétt undir 7% árið 2018. Hlutfall kvenna hjá fyrir tækinu árið 2018 var 22% samanborið við 24% árið 2017 og fór því lítilliga niður á við. En með því að halda áfram að hafa þennan málaflokk í brennidepli vonast stjórnendur til þess að talan stígi upp á við á ný, enda er það markmið fyrirtækisins að hafa kynjahlutföllin sem jöfnust. Hlutfall karla og kvenna er jafnara þegar litið er til sumarstarfsmanna.

8.3 JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisstefna Alcoa Fjarðaáls er unnin út frá lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Alcoa Fjarðaál stefnir að því að helmingur starfsmanna fyrirtækisins verði konur og tengir jafnréttisstefnu sína jafnframt við gildin sem Alcoa starfar eftir um allan heim. Öll störf innan fyrirtækisins eru auglýst fyrir bæði kyn því hönnuð á þann veg að bæði kyn geti unnið þau á öruggan hátt. Báðir

foreldrar eru hvattir til að huga að samræmingu fjölskyldulífs og vinnu og axla jafna ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna.

Hjá Alcoa Fjarðaáli er kynferðisleg og kynbundin áreitni og einelti ekki liðið og eru slík mál tekin föstum tókum. Í jafnréttisáætluninni eru tilgreindir ábyrgðaraðilar að úrbótum og endurskoðun hennar. Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé framfylgt. Jafnréttisnefnd ber


Tafla 6

Starfsmannavelta eftir kyni	2016	2017	2018
Karl	7,56%	5,07%	4,56%
Kona	1,58%	2,34%	2,38%
Samtals	9,14%	7,40%	6,94%


Starfsmannavelta eftir aldurshópum	2016	2017	2018
18-20	0,20%	-	-
21-25	2,20%	1,95%	2,38%
26-30	2,18%	1,56%	1,78%
31-35	-	0,97%	0,40%
36-40	0,80%	0,78%	1,19%
41-45	0,79%	0,98%	0,20%
46-50	1,00%	0,58%	0,60%
51-55	0,59%	0,20%	0,39%
56-60	0,40%	-	0,59%
61-66	0,79%	0,39%	0,00%
66-	0,20%	-	0,79%
Samtals	9,14%	7,40%	6,94%

Mynd 10

ENDURKOMUHLUTFALL EFTIR FÆÐINGARORLOF




■ Fóru í fæðingarorlof
■ Snéru aftur eftir fæðingarorlof



■ Hlutfall af heildarfjölda sem fór í fæðingarorlof
■ Hlutfall sem snéri aftur eftir fæðingarorlof

Mynd 11

ÁNÆGJA STARFSMANNA



■ Alcoa Fjarðaál
■ Meðaltal fyrirtækja hjá Gallup

ábyrgð á eftirfylgni jafnréttisstefnu og frávika frá henni.

8.3.1 Vinnustaðarmenning

Eitt af markmiðum Fjarðaáls fyrir árið 2018 var tengt vinnustaðarmenningu og mótaðist það af #metoo umræðunni sem spratt upp á samfélagsmiðlum síðla árs 2017. Stjórnendur Fjarðaáls tóku þá ákvörðun í lok árs 2017 að bjóða upp á kynjaskipta fundi í upphafi árs 2018 til að fá sögur kvenna sem starfa í fyrirtækinu upp á yfirborðið en ekki hafði borið á því að konur í fyrirtækinu hefðu stofnað hóp á samfélagsmiðlum til að ræða þessi mál. Þess vegna var ákveðið að bjóða upp á vettvang fyrir samtalið. Alls voru haldnir 15 fundir í febrúar og mars 2018 undir merkjum #metoo. Fundirnir voru kynjaskiptir þar sem Magnús Orri Schram leiddi umræðuna á karlafundunum og bauð upp á kynjafræðslu í svokölluðum „barbershop“ stíl og á kvennafundunum fengum við til liðs við okkur Kolbrúnu Baldursdóttir sálfræðing til að leiða fundina og veita stuðning. Við fundum tækifæri á fundunum til að gera betur í þessum málaflokki og það var öllum í fyrirtækinu, bæði stjórnendum og starfsmönnum hollt að taka þetta samtal. Sérstakur fundur var haldin fyrir stjórnendur Fjarðaáls þar sem þeir fengu fræðslu frá Magnúsi Orra og auk þess var farið yfir helstu niðurstöður fundanna sem á undan höfðu verið. Til að leggja betur mat á umfang bæði eineltis og áreitnis á vinnustaðnum var

lögð fyrir könnun á vinnustaðnum í samvinnu við Gallup og voru helstu niðurstöður kynntar starfsmönnum á starfsmannafundum haustið 2018. Markmiðið er að ná að eyða öllu því sem kallast einelti eða áreitni á vinnustaðnum. Fyrsta skrefið í þá átt var að starfsmenn gerðu með sér vinnustaðasáttmála sem þeir hafa ritað nafn sitt á en hann er eftirfarandi:

Við starfsmenn Alcoa Fjarðaáls gerum með okkur sáttmála um góða vinnustaðarmenningu þar sem heilindi, árangur og umhyggja eru höfð að leiðarljósi. Við stöndum vörð um jafnrétti á vinnustaðnum og líðum ekki mismunun, einelti, áreitni eða ofbeldi.

Við sýnum hvert öðru vinsemi og virðingu í öllum samskiptum og metum framlag allra að verðleikum. Þannig myndum við gagnkvæmt traust og sköpum sálrænt öryggi fyrir alla.

Við þorum að ræða saman um framkomu sem okkur mislíkar og hjálpumst að við að setja mörk í samskiptum. Við erum til staðar hvert fyrir annað, tilbúin að hlusta og veita stuðning. Við skiljum að upplifun einstaklinga er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.

Við leiðum ekki hjá okkur óheilbrigð samskipti og bregðumst strax við þegar brotið er gegn vinnufélögum okkar. Við sýnum hugrekki og stígum fram til stuðnings þeim sem brotið er gegn. Við vitum að meðvirkni með geranda getur gert illt verra.

Í framhaldi af þessari vinnu var stjórnendum Fjarðaáls boðið á kynjafræðinámskeið hjá Hönnu Björgu Vilhjálmisdóttur kennara. Markmiðið með námskeiðinu var tvíþætt, að fræða hópinn um stöðu jafnréttismála á Íslandi og gera fólk betur undirbúið fyrir að glíma við erfið starfmannamál.


Starfsfólk Alcoa Fjarðaáls gerði með sér sáttmála um góða vinnustaðarmenningu.

8.3.2 Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum

Tafla 7 sýnir laun kvenna sem hlutfall af launum karla, greind niður á starfsflokkum í fyrirtækinu. Við launaákvörðanir sérfræðinga er tekið tillit til reynslu, menntunar og hæfni auk þess sem laun eru borin saman við það sem gengur og gerist á markaði með þátttöku í launakönnun. Launaákvörðanir starfsfólks sem starfar í framleiðslu og iðnaði eru bundnar í kjarasamning, en mikilvægir þættir í þróun launa þessara hópa er starfsaldur og vinnufyrirkomulag. Þá getur það haft mikil áhrif til breytinga ef fáar konur eru í ákveðnum hópum eða hafa styttri starfsaldur t.d. í hópi iðnaðarmanna, tækna og sérmennt-

Tafla 7

Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum	2016	2017	2018
Stjórnendur	98%	91%	92%
Sérfræðingar	95%	97%	95%
Verkfræðingar	79%	90%	88%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	89%	90%	80%
Skrifstofufólk	100%	100%	135%
Þjónustu-, sölu og gæslustörf	96%	93%	96%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	90%	81%	83%
Véla- og vélagæslufólk	92%	95%	96%



Vinnustaðurinn okkar

Við starfsmenn Alcoa Fjarðaáls gerum með okkur sáttmála um góða vinnustaðarmenningu þar sem heilindi, árangur og umhyggja eru höfð að leiðarljósi. Við stöndum vörð um jafnrétti á vinnustaðnum og líðum ekki mismunun, einelti, áreitni eða ofbeldi.

Við sýnum hvert öðru vinsemi og virðingu í öllum samskiptum og metum framlag allra að verðleikum. Þannig myndum við gagnkvæmt traust og sköpum sálrænt öryggi fyrir alla.

Við þorum að ræða saman um framkomu sem okkur mislíkar og hjálpumst að við að setja mörk í samskiptum. Við erum til staðar hvert fyrir annað, tilbúin að hlusta og veita stuðning. Við skiljum að upplifun einstaklinga er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.

Við leiðum ekki hjá okkur óheilbrigð samskipti og bregðumst strax við þegar brotið er gegn vinnufélögum okkar. Við sýnum hugrekki og stígum fram til stuðnings þeim sem brotið er gegn. Við vitum að meðvirkni með geranda getur gert illt verra.

aðs starfsfólks. Engin kona er á vöktum í iðnaðarmannahópnum og það hefur áhrif á hlutföllin. Í hópnum skrifstofufólk eru nánast eingöngu konur og þær eru með hærri laun en þeir karlar sem eru hluti af hópnum.

8.3.3 Jafnlaunavottun

Sumarið 2017 hlaut Fjarðaál vottun samkvæmt jafnlaunastaðli velferðarráðuneytisins og var fyrsta stórfyrirtækið hér á landi til að hljóta þá vottun. Síðan þá hafa farið fram þrjár svokallaðar viðhalds-úttektir á staðlinum sem Fjarðaál hefur staðist með þrýði. Úttektirnar staðfesta að unnið er samkvæmt skjalfestu verklagi. Launagreining í viðhaldsúttekt árið 2018 sýndi að kynbundinn launamunur var 1,4% körlum í hag sem er vel undir skekkjumörkum þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við launamunur undir 5%. Í launagreiningunni sem var gerð 2017 var launamunurinn 0,3% konum í hag.



8.4 STARFS- OG SIÐAREGLUR

Starfs- og siðareglur Alcoa eru vevvísir fyrir heilindi starfsmanna og góða viðskiptahætti. Markmiðið

er að þær veiti starfsmönnum leiðsögn til að uppfylla viðmið félagsins hvað varðar góða viðskiptahætti sem snýr fyrst og fremst að því hvernig félagið vill stunda viðskipti í heiminum. Starfsreglurnar eru endurskoðaðar árlega og fá starfsmenn markvissa fræðslu vegna þessa. Starfsmenn eru hvattir til að tilkynna meðal annars brot af ýmsu tagi, líkt og spillingu, brot á mannréttindum, mismunun eða einelti, brot á hugverkaréttindum og mögulegar öryggisógnanir. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Fjarðaáls.

8.5 ÖRYGGI

Mikil áhersla er lögð á öryggi og heilsu starfsfólks og verktaka hjá Alcoa Fjarðaáli og eru þessi mál í forgangi ásamt umhverfismálum. Unnið er markvisst að því að lágmarka hættu á slysum, lágmarka mengun, efla heilsu og stuðla að öruggu vinnuumhverfi. Sú hugmyndafræði sem notast er við þegar kemur að því að greina hættur, meta aðstæður og fyrirbyggja frávik eða slys nefnist „Mannleg hegðun“. Þessi nálgun hefur reynst vel og góður árangur hefur náðst í fækkun alvarlegra frávíka. Starfsmenn beita einnig aðferðafræði sem kallast „stjórnun helstu áhættuþátta“ til að tryggja að réttu varnirnar gegn þekktum hættum séu ávallt til staðar. Mikil áhersla er lögð á rétt starfsfólks til að „Stoppa og leita sér hjálpar“ ef það upplifir óöryggi

eða hefur ekki næga þekkingu á verkinu sem er verið að vinna. Þá er skylda að halda verkfund áður en verk hefst ef hættu á slysum er til talin vera til staðar.

Alcoa Fjarðaál fylgir stefnu sinni og móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum:

- Markvisst er unnið að umbótum í starfsumhverfi til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks.
- Öll slys og óhöpp eru skráð til að læra af þeim.
- Félagið er vottað af OHSAS 18001 heilsu- og öryggisstjórnunarkerfinu.
- Allir starfsmenn fá grunnþjálfun í umhverfis-, heilsu-, og öryggismálum.

Starfandi eru 15 heilsu- og öryggisnefndir til að stuðla að bættu heilbrigði og öryggi á vinnustað okkar.

Hjá Alcoa Fjarðaáli eru starfandi 15 heilsu- og öryggisnefndir en hlutverk þeirra er að stuðla að bættu heilbrigði og öryggi á vinnustað. Tæp 10% starfsmanna taka virkan þátt í þessu nefndarstarfi á vinnutíma. Nefndir vinna að ýmsum mál-

efnum og koma að þjálfun svo sem í fallvörnum, „læsa, merkja, prófa“, „hættuleg efni“ svo einhver dæmi séu nefndir. Jafnframt stuðla nefndir að ýmsum endurbótum sem miða að því að gera vinnustaðinn öruggari með því að útrýma hættum og bæta vinnuaðstöðu og verklag.

8.5.1 Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi

Næstum-því-slys³, slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi eru skráð inn í atvikaskráningakerfi og tilkynnt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Framkvæmdar eru rótargreiningar og fyrirbyggjandi aðgerðir innleiddar til þess að samskonar atvik endurtaki sig ekki. Á síðastliðnu ári voru skráð 13 „næstum-því-slys“ og ekkert fjarveruslys. Fjöldi tilkynntra fjarveruslysa á hverjar 200 þús. vinnustundir voru engin. Engin banaslys hafa orðið hjá Alcoa Fjarðaáli frá upphafi reksturs.

8.6 HEILSA OG VELFERÐ

Fjarðaáli er annað um heilsu starfsmanna sinna og leggur mikla vinnu í að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma eins og t.d. öndunarfæra-sjúkdóma, heyrnarskerðingu, húðvandamál og langvarandi stoðkerfissjúkdóma. Á hverju ári er framkvæmdur mikill fjöldi mælinga á t.d. hávaða eða mengun í andrúmslofti starfsmanna, til þess að fylgjast með vinnuumhverfinu og tryggja að starfsmenn séu varðir á þann besta hátt sem völ er á. Þessar mælingar stýra heilsufarsskoðunum starfsmanna sem fara fram á heilsugæslu Fjarðaáls, hvaða varnir starfsmenn þurfa að nota, ásamt umbótastarfi sem hefur það að markmiði að bæta vinnuumhverfi starfsmanna. Á árinu 2019 verður áhersla á markvissari eftirfylgni með óásætlanlegum heilsuhættum með það að markmiði að bæta jafnt og þétt vinnuumhverfi starfsmanna.

8.6.1 Velferðarþjónusta

Öflug velferðarþjónusta er rekin fyrir starfsfólk og nánustu ættingja þeirra þar sem boðið er upp á ýmis konar sérfræðiþjónustu. Þjónustan felur í sér að starfsmenn og nánustu ættingjar þeirra geta leitað aðstoðar hjá breiðum hópi fagaðila vegna persónulegra erfiðleika eða óvæntra áfalla. Þjónustan er starfsmönnum að kostnaðarlausu og án milligöngu stjórnenda fyrirtækisins. Fullur trúnaður er viðhafður og upplýsingar ekki veittar til vinnustaðar. Um er að ræða sex tíma á ári á sviði fjármálaráðgjafar, lögfræðiaðstoðar, sálfræðiráðgjafar, lífsstílsráðgjafar og svefnmeðferðar á netinu svo dæmi séu tekin. Algengast hefur verið að starfsmenn nýti sér lögfræði- og sálfræðiþjónustu.

Öflug velferðarþjónusta er rekin fyrir starfsfólk og nánustu ættingja.

8.6.2 Heilsuefling

Hjá Fjarðaáli er starfrækt heilsueflingarnefnd, sem skipuleggur ýmsa hreyfiviðburði og heilsueflingu. Helstu viðburðir 2018 voru eftirfarandi:

- Heilsuleikar Alcoa Fjarðaáls voru haldnir yfir þriggja vikna tímabil í mars. Með leikunum hvatti nefndin starfsfólk til að auka hreyfingu, bæta mataræði og stjórna streitu með skemmtilegu og leikjavæddu smáforriti.
- Heilsueflingarnefndin stóð fyrir tveimur svokölluðum „Action“ hreyfiviðburðum á árinu en þeir felast í að hópur starfsfólks hreyfir sig saman í þágu góðs málefnis. Sá fyrri

var fjölskylduganga að Strútsfossi í Suðurdal og sá seinni var krefjandi ganga upp á Snæfell. Fjarðaál greiddi 300.000 krónur til góðgerðamála vegna viðburðanna sem að þessu sinni runnu til tækjakaupa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað (FSN) og til Stígamóta, vegna verkefnisins „Stígamót á staðinn“. Alls tóku 45 einstaklingar þátt í Action hreyfiviðburðum á árinu.

- Blóðbankinn kom í apríl og september, tvo daga í senn. Blóðgjafahópurinn er stór og skráðar komur í báðum heimsóknum voru 200. Blóðsöfnun er opin öllum, bæði starfsmönnum og íbúum í nærsamfélagi.

8.6.3 Heilsugæsla

Heilsugæsla Fjarðaáls er opin alla virka daga frá 8-16 og er þjónustan þar fjölbreytt. Til dæmis komu rúmlega 200 starfsmenn á árinu í reglubundnar heilsufarsskoðanir svo sem öndunar- og heyrnarmælingu, sem er liður í forvarnarstarfi gegn atvinnutengdum sjúkdómum. Um 500 heimsóknir voru skráðar í ýmsar heilsuælingar og um 110 starfsmenn mættu í inflúensubólusetningu.

Á seinni hluta árs 2018 var sérstök áhersla lögð á vinnutengd öndunarfæravandamál. Þetta var gert í samvinnu við trúnaðarlækni og sérfræðing í vinnuvernd hjá UHÖ teymi Fjarðaáls. Markmiðið er að koma í veg fyrir að starfsmenn þrói með sér öndunarfæravandamál og veita einstaklingum með slík einkenni aðstoð og ráðgjöf. Haldið verður áfram að vinna markvisst með þetta.

8.7 HLUNNINDI FASTRÁÐ-INNA STARFSMANNA

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa aðgang að mötuneyti og heilsugæslu á vinnustaðnum, og fá fríar rútuferðir

Tafla 8

Slys og slysatíðni	2015	2016	2017	2018
Fjarveruslys	1	2	1	0
Næstum-því-slys	-	18	12	13
Tíðni fjarveruslysa	0,17	0,44	0,23	0
Tíðni meðferðaslysa	1,59	2,64	2,71	2,05
Tíðni allra slysa	7,43	17,63	14,26	16,4
Tíðni fjarveru, og vinnutakmarkana	0,35	0,44	0,9	0,45

Tíðni vinnuslysa er gefin upp sem H-tala (H200), þ.e. fjöldi slysa á hverjar 200.000 vinnustundir 200.000 vinnustundir samsvara vinnu 100 starfsmanna yfir árið.

³„Næstum-því-slys“ eru byggð á upplýsingum vegna óhappa sem urðu og hefðu hugsanlega getað valdið varanlegri örorku eða banaslysi.



Útskriftarhópur Stóriðjuskóla Fjarðaáls árið 2018.

til og frá vinnu. Starfsmönnum býðst einnig að sækja um stuðning við nám sem nýtist í starfi. Sex raftenglar eru á aðalbílastæði starfsmanna-byggingar þar sem starfsmönnum gefst kostur á að hlaða rafbíla á vinnutíma. Tenglarnir hafa verið vel nýttir frá því að þeir voru settir upp og merkja má aukningu í notkun þeirra milli ára. Þá gefur fyrirtækið starfsmönnum sínum veglega jólagjöf á hverju ári sem samanstendur af matarpakka og óvæntri gjöf.

Starfsmenn geta sótt um styrki vegna líkamsræktar, gleraugna-kaupa, laseraðgerða á augum, meðferðar hjá hnykkklækni, sjúkra-þjálfara, nuddara, fóttaðgerða-sérfræðingi og vegna göngugrein-ingar og innleggja. Ristilspeglun í forvarnarskyni gegn krabbameini fyrir 50 ára og eldri er að fullu greidd.

Frá árinu 2010 hefur starfsmönnum gefist kostur á að greiða mánaðar-legt framlag í Styrktarsjóð starfsmannafélagsins Sóma. Þátttaka í sjóðnum er valfrjáls og greiðir Alcoa Fjarðaál mótframlag. Úthlutað er úr Styrktarsjóðnum til þeirra er í hann greiða vegna alvarlegra veikinda eða slysa í nánustu fjölskyldu.

8.8 STARFSÞRÓUN OG ENDURMENNTUN


Metnaður er lagður í menntun, þjálfun og fræðslu starfsfólks Alcoa Fjarðaáls á hverjum degi. Fyrirtækið rekur stóriðjuskóla sem er samstarfsverkefni Fjarðaáls, Austurbrúar og Verkmenntaskóla Austurlands en um 50-60 nemendur stunda nám við skólann á hverjum tíma. Frá því að skólinn tók til starfa haustið 2011 hafa 100 nemendur útskrifast úr grunnnáminu og 53 úr framhalds-

náminu. Á árinu 2018 jókst hlutfall kvenna í hópi stóriðjuskólanema upp í 18% sem helgast af því að starfsaldur kvenna hjá Fjarðaáli er að lengjast en þriggja ára starfsaldur er eitt af inntökuskilyrðunum.

Tekin voru síðustu skref í innleiðingu hlutverkastýrðra teyma á árinu 2018 sem fólst í því að leiðtogar í framleiðslu hættu á næturvöktum. Innleiðing hlutverkastýrðra teyma hófst í skautsmiðju og á viðhaldsvakt, en síðan í kerskála og steypuskála. Undirbúningur fyrir innleiðinguna krafðist yfirgripsmikillar vinnu við skilgreiningu á aðal- og aukahlutverkum, hæfnitöflum og tengdum verklagsreglum. Á árinu 2018 var mikil áhersla á þjálfun aukahlutverka sem eru þau hlutverk sem styðja við framleiðslu með áherslu á öryggis- og heilsu- mál, umhverfismál, umgengni, viðhald, þjálfun, mönnun, gæði og flæði framleiðslu. Leiðtogar og stjórnendur voru þjálfaðir sérstaklega til þess að takast á við breyttar áherslur í sínum hlutverkum.


Á árinu 2018 vörðu starfsmenn Fjarðaáls 80.000 klst. til þjálfunar sem er talsverð aukning á milli ára.

Á árinu 2018 vörðu starfsmenn Fjarðaáls 80.000 klukkustundum til þjálfunar, sem var talsverð aukning á milli ára. Hver starfsmaður notaði um 9% af sínum vinnutíma til þjálfunar á árinu. Aukningin stafar fyrst og fremst af fækkun vinnustunda og bættri skráningu á netþjálfun sem færir sifellt í aukana.



Mynd 12

ÞJÁLFUN SEM HLUTFALL AF HEILDARVINNUSTUNDAFJÖLDA



8.8.1 Vetrarfallinn – verkefni nemenda stóriðjuskóla

Í Stóriðjuskólanum vinna nemendur lokaverkefni sem eiga að taka mið af því að bæta rekstur, umhverfis-, heilsu- eða öryggismál hjá Fjarðaáli. Mörg þessara verkefna hafa skilað frábærum árangri og eru mikilvæg fyrir fyrirtækið. Dæmi um áhuga-vert verkefni frá haustinu 2018 er tilraun með að keyra vetrarrafal í kerskála, til að kanna möguleikann á að nota slíka rafala til að knýja farartæki sem í dag eru knúin áfram af dísilolíu. Tilraunin gengur út á að kanna áhrif segulsviðs og gas-tegunda á búnaðinn, en þessir þættir geta haft truflandi áhrif á ýmiss konar búnað og farartæki. Við bruna vetnis myndast einungis vatnsgufa og væri hægt að framleiða vetnið á staðnum með raforku.

Vetrarfallinn knýr nú ljóskastara og hefur tilraunin gefið góða raun. Verkefnið fellur vel að nýrri aðgerðaaætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og er Fjarðaál stolt af því að styðja við þessa tilraun þannig að hægt sé að leggja mat á mismunandi möguleika við orkuskipti tækja og búnaðar. Tilraunin stendur enn yfir og verður fróðlegt að sjá hverju hún skilar.

Jeff Clemmensen, starfsmaður umhverfistækniteymis og einn forsprakka verkefnis um vetrarrafal sýnir virkni búnaðarins.



8.9 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2018 – ÁRANGUR

Í kjölfar #metoo bylgjunnar verður lögð áhersla á að bæta vinnustaðarmenningu Fjarðaáls með jafnréttismál í forgrunni. Halda á fundi fyrir alla starfsmenn til að ræða þennan málaflokk, setja upp aðgerðaráætlun og mæla með skoðanakönnun hve margir hafa orðið fyrir áreitni og/eða einelti á vinnustað.

Á árinu voru haldnir fundir um jafnrétti og vinnustaðarmenningu fyrir karla og konur. Viðhorf starfsfólks vegna þessa var kannað, starfsmenn skrifuðu undir vinnustaðarsáttmála til að tryggja góða vinnustaðarmenningu. Þessu var fylgt var eftir á starfsmannafundum á markvissan hátt með umbætur að leiðarljósi.

Gera tilraun með breytingar á vaktakerfi með það að markmiði að auka ánægju starfsmanna með vaktakerfi um 5% frá árinu 2017.

Tilraunin var framkvæmd í litlum hópi, og vegna gagnrýni sem fram kom á framkvæmd hennar var ákveðið að allir vakthópar fengju að taka þátt í nýrri tilraun með breytt vaktakerfi í byrjun árs 2019. Í vinnustaðarkönnun 2018 var ekki mæld ánægja starfsmanna með vaktakerfi. Niðurstöðu er að vænta á árinu 2019.

Mæla með úttektum hvort viðeigandi varnarlög séu til staðar til að tryggja öryggi starfsfólks við vinnu. Varnarlög verði til staðar í 95% tilfella.

Góður árangur hefur áunnist í öryggismálum hjá Fjarðaáli með innleiðingu varnarlaga við áhættusöm störf til að tryggja öryggi starfsfólks. Á síðasta ári sýndu úttektir að mikilvægasta varnarlagið var til staðar í 96% tilfella.

Aukin árvekni og bætтар skráningar vegna heilsutengdra einkenna, með vitundarvakningu og þjálfun allra starfsmanna.

Atvikaskráningakerfi Fjarðaáls var uppfært á árinu til þess að geta betur fylgt eftir heilsutengdum frávikum, og fjöldi slíkra skráninga jókst eftir vitundarvakningu og þjálfun starfsmanna.



09

SAMFÉLAG

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið.

Alcoa Fjarðaál telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum stjórnarháttum þar sem hlutverk og ábyrgð stjórnenda eru skýr. Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið. Stjórnendur eiga í virkum og reglulegum samskiptum við hagsmunaaðila og funda með þeim um sameiginleg hagsmunamál. Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation leggja fé til mikilvægra málefna, menningarviðburða og verkefna á Íslandi með áherslu á verkefni sem tengjast áhrifasvæði álversins. Alcoa Fjarðaál hefur vaktað samfélagsvísa frá því rekstur álversins hófst.

9.1 HAGSMUNAAÐILAR

Alcoa Fjarðaál er stórt fyrirtæki í litlu samfélagi og því fylgir mikil ábyrgð. Fjarðaál hefur ávallt lagt

mikið upp úr góðum samskiptum við fjölbreytta hópa hagsmunaaðila með reglulegum fundum og samstarfi.


9.1.1 Hagsmunaaðilagreining

Í árslok 2018 hófst undirbúningur í samstarfi við Gallup að viðhorfskönnun meðal helstu hagsmunaaðila Fjarðaáls, annarra en íbúa og starfsmanna. Í þessari könnun var fyrst og fremst horft til birgja, verktaka og annarra samstarfsaðila. Markmiðið var að kanna viðhorf þessara aðila til fyrirtækisins og hvernig þeir meta árangur Fjarðaáls í samfélagsábyrgð. Könnunin var framkvæmd í byrjun árs 2019. Í úrtakinu voru 110 aðilar og var svarhlutfall 65%.

Í könnunni voru þeir sem það átti við spurðir hvort þeir mæli með Alcoa Fjarðaáli sem góðum viðskiptaaðila við önnur fyrirtæki. Alls sögðust

9.1 GREINING Á HAGSMUNAAÐILUM FÉLAGSINS


Fjarðaál hefur unnið greiningu á hagsmunaaðilum félagsins til að gera sér betur grein fyrir þörfum og áherslum hópanna. Hagsmunaaðilar skiptast í beina hagsmunaaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðaumhverfi. Hagsmunaaðilagreining fyrirtækisins var gerð á hugarflugsfundi með þverfaglegum hópi starfsmanna. Taldir voru upp hagsmunaaðilar og þeir skilgreindir eftir snertifleti og mikilvægi.



Mynd 13

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Hversu vel eða illa stendur Alcoa Fjarðaál sig í eftirfarandi þáttum samfélagsábyrgðar?



58% þátttakenda mæla með Fjarðaáli sem góðum viðskiptaaðila, 32% voru hlutlausir en 10% sögðust ekki mæla með því. Af þeim sem mæltu með Fjarðaáli sem góðum viðskiptafélaga nefndu flestir að fyrirtækið væri traust og þar ríkti fagmennska.

Á mynd 13 má sjá hvernig svarendur töldu Fjarðaál standa sig varðandi mismunandi áherslur samfélagsábyrgðar.

Af niðurstöðunum má álykta að helstu tækifæri fyrir Fjarðaál til að gera betur í samfélagsábyrgðarmálum felast í betri samskiptum við almenning og að vinna nánar með hagsmunaaðilum sínum. Áætlað er að framkvæma þessa könnun annað hvert ár og þannig verður hægt að fylgjast með hvort breyttar áherslur og aðgerðir muni leiða til jákvæðra breytinga á þessum mælikvörðum. Þá er einnig mikilvægt að spyrja almenning í nærsamfélaginu og

starfsfólk þessara sömu spurninga. Tækifæri er til að gera það í árlegum könnunum sem eru framkvæmdar meðal þessara hópa.

9.1.2 Könnun meðal íbúa

Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins í nærsamfélaginu. Því skiptir sköpum að rækta það samband á markvissan hátt með samtali og samstarfi. Virkt samtal við samfélagið er ein af meginstöðum í samfélagsstefnu Fjarðaáls og árlega er mæld ánægja íbúa á Mið-Austurlandi með fyrirtækið.

Árið 2018 reyndust 76,9% svarenda jákvæðir eða frekar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls en það var lækkun um 2,6% frá árinu á undan. Markmiðið er að minnst 75% íbúa eða fleiri séu jákvæðir í garð fyrirtækisins en frá því mælingar hófust árið 2004, hefur þessi mælikvarði einungis tvisvar verið undir því markmiði.

9.1.3 Samskipti við hagsmunaaðila

Fjarðaál leggur ríka áherslu á miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins til íbúa á Mið-Austurlandi. Til dæmis fá íbúar svæðisins sent heim árlega skjal með helstu niðurstöðum úr samfélagsskýrslunni svo sem upplýsingar um lykiltölur úr rekstri og árangur í umhverfis- og mannaúsmálum. Árlega er gefið út tímarit Fjarðaáls, Fjarðaálsfréttir, sem einnig er dreift inn á öll heimili á svæðinu en þar eru upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins auk fjölda viðtala við starfsfólk Fjarðaáls. Þar er einnig sagt frá verkefnum sem hafa fengið styrki frá fyrirtækinu. Þá er Fjarðaál með fasta síðu aðra hverja viku í Austurglugganum sem er héraðsfréttablað á Austurlandi og þar eru fluttar fréttir af fyrirtækinu. Árið 2018 stofnaði Fjarðaál síðu á Facebook og nýtir hana til að eiga í gagnvirkum samskiptum við fólk og miðla upplýsingum varðandi Fjarðaál og áliðnaðinn á Íslandi.

9.1.4 Íbúafundir

Fjarðaál stóð fyrir íbúafundum á Austurlandi um árabíl þar sem greint var frá starfsemi fyrirtækisins með sérstakri áherslu á umhverfismál. Á þessum fundum fengu íbúar tækifæri til að eiga gagnvirk samtál

Tafla 9

Jákvæðir eða frekar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls	2016	2017	2018
Á Mið-Austurlandi ¹	72,8%	79,5%	76,9%

¹ Mið-Austurland, eru sveitarfélögin Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Fljótsdalur og Fljótsdalshérað

við forsvarsmenn fyrirtækisins og koma á framfæri ábendingum. Árið 2016 tók Umhverfisstofnun að sér umsjón fundanna og hyggst halda þá annað hvert ár í stað árlega. Ekki var haldinn slíkur fundur árið 2018 og því verður næsti fundur árið 2019. Fjarðaál stefnir á halda íbúafund það ár sem Umhverfisstofnun er ekki með fund og mun því standa fyrir íbúafundi árið 2020. Síðustu ár hefur þátttaka íbúa á þessum fundum verið dræm og þarf að leita leiða til að bæta úr því. Fjarðaál hvetur íbúa að koma á framfæri ábendingum til fyrirtækisins í símanúmerið 470 7700 eða með tölvupósti á fjarmaal@alcoa.com.

9.1.5 Fundir með sveitastjórnar-fólki

Reglulegir fundir eru með bæjar-ráðum bæði Fjarðabyggðar og Fljótshéraðs til að upplýsa bæjaryfirvöld um það sem efst er á baugi hjá fyrirtækinu. Árlega er haldinn fundur í álverinu þar sem öllu sveitastjórnarfólki af Mið-Austurlandi er boðið. Þar gefst tækifæri til að ræða sameiginlega hagsmuni og fara yfir það helsta sem er á döf-inni bæði hjá fyrirtækinu og sveitar-félögnum. Slíkur fundur fór fram í lok mars 2018 og var helsta umfjöll-unarefnið jafnrétti og vinnustaðar-menning. Guðný Björg Hauksdóttir framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Fjarðaáli fjallaði um ferlið við innleiðingu jafnlaunavottunar. Þá dró Tinna Halldórsdóttir verk-efnastjóri hjá Austurbrú upp kynja-mynd af Austurlandi og veltu margir

vöngum yfir sláandi tölfraði um launamun kynjanna á þessu svæði. María Ósk Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar, upplýsingatækni og fjárfestinga hjá Fjarðaáli fjallaði um #metoo fundi sem Fjarðaál stóð fyrir í byrjun árs 2018 og aðgerðir sem fylgdu í kjölfarið hjá fyrirtækinu. Að lokum fjölluðu Hilmar Sigurbjörnsson og Hólmgrímur Bragason sem báðir eru sérfræðingar í mannauðsteymi Fjarðaáls, um helgun í starfi og mikilvægi góðrar vinnustaðarmenn-ingar. Fundurinn var vel heppnaður og umræður góðar.

9.1.6 Fjölbreytt upplýsingagjöf

Stjórnendur Fjarðaáls eiga í reglulegum samskiptum við aðra hagsmunaaðila svo sem bændur á svæðinu, þingmenn kjördæmisins og ráðherra sem hafa með málaflokka fyrirtækisins að gera. Fjarðaál er aðili að Samáli, samtökum álfram-leiðenda á Íslandi og að Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði. Fjarðaál er einnig þátttakandi í samstarfi álvera í Nor-egi og á Íslandi í gegnum samtökin AMS en þar er unnið að sameigin-legum verkefnum á sviði umhverfis-, öryggis- og heilsamála.

Góð upplýsingagjöf skiptir miklu máli í starfsemi félagsins bæði innan fyrirtækisins og í samskiptum við verktaka. Reglulegir starfs-mannafundir eru haldnir með öllum starfsmönnum þar sem fjallað er um málefni og stöðu fyrirtækis-ins frá ýmsum hliðum. Einnig eru

reglulegir fundir með verktakafyr-irtækjum og birgjum þar sem farið er yfir helstu mál og stöðu í mála-flokkum sem tengjast m.a. rekstri fyrirtækisins, umhverfi, heilsu og öryggi. Nánar má lesa um líðan og samskipti við starfsfólk Fjarðaáls í mannauðskafla skýrslunnar.

9.2 STYRKIR TIL GÓÐRA VERKA

Árið 2018 vörðu Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation samtals um 130 milljónum króna í styrki til hinna ýmsu samfélagsverkefna, fyrst og fremst á Austurlandi. Frá árinu 2003 hefur fyrirtækið varið samtals um 1,6 milljarði króna til samfélags-styrkja af margvíslegu tagi. Alcoa Fjarðaál veitir beinan stuðning til samfélagsverkefna í nágrenni álversins. Þau verkefni njóta for-gangs sem stuðla að uppbyggingu og sjálfbærri þróun samfélagsins á Austurlandi.



Styrkir eru veittir frjálsum féлага-samtökum, hagsmunasamtökum og í einhverjum tilfellum opinberum aðilum. Ekki er veittur stuðningur til einstaklinga, stjórnálagssamtaka, trúfélaga eða til almenns reksturs félaga. Í töflu 10 má sjá skiptingu styrkja í þeim flokkum sem Alcoa Fjarðaál veitir styrki í.

130 milljónum króna var varið í styrki til hinna ýmsu samfélagsverkefna, fyrst og fremst á Austurlandi.

Stærsti styrkurinn hvert ár rennur til Vín Vatnajökuls en Fjarðaál er aðalbakhjarl samtakanna. Vínir Vatnajökuls eru hollvinsamtök Vatnajökulsþjóðgarðs sem styrkja

rannsóknir, kynningar- og fræðslu-starf og stuðla að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatna-jökulsþjóðgarðs. Árið 2018 varði Fjarðaál um 54 milljónum króna í styrk til samtakanna. Heildarfram-lag Fjarðaáls frá stofnun þeirra nemur yfir 600 milljónum króna.

Styrktarsjóður Fjarðaáls úthlutar styrkjum tvisvar á ári, að vori og hausti. Í úthlutunarnefnd sjóðsins situr fólk víðsvegar úr samfélaginu ásamt fulltrúum frá Fjarðaáli. Einu sinni á ári fer fram formleg úthlutun styrkja og að þessu sinni fór hún fram í Tónlistarmiðstöð-inni á Eskifirði í byrjun desember. Við sama tækifæri var úthlutað styrkjum úr íþróttasjóðnum Spretti sem Fjarðaál fjármagnar en Ung-menna- og íþróttasamband Austur-lands heldur utan um. Þá var einnig afhentur tveggja ára styrkur frá Alcoa Foundation til LungAskólans á Seyðisfirði að upphæð 60 þúsund dollara eða tæplega 7,5 milljónir

króna. Samtals var úthlutað 27,5 milljónum króna við þetta tilefni. Yfirlit yfir alla styrkina má finna í frétt um úthlutunina á heimasíðu Fjarðaáls.

9.2.1 Styrkir frá Alcoa Foundation

Árið 2017 var kynntur styrkur frá Samfélagssjóði Alcoa (Alcoa Foundation) til Landgræðslu ríkisins að upphæð 150 þúsund dollara (um 15 milljónir) til að vinna verkefni á sviði endurheimtar votlendis á Austurlandi. Styrkurinn er til tveggja ára og voru 100 þúsund dollara greiddir út árið 2017 og 50 þúsund árið 2018. Þá veitti sjóð-urinn 30.000 bandaríkjadala styrk (um 3,7 milljónir króna) til Fjarða-byggðar til að hreinsa fjörunnar í sveitarfélaginu. Ráðist verður í það verkefni vorið og sumarið 2019. Árið 2017 hlaut Landbótasjóður Norður-Héraðs tveggja ára styrk frá sjóðnum til að efla landgræðslu á svæðinu við Kárahnjúkastíflu. Styrk-urinn nam 80.000 bandaríkjadöllum eða tæpum tíu milljónum króna á núverandi gengi og seinni helmingur hans var greiddur út árið 2018. Þá fékk Austurbrú 120.000 banda-ríkjadala styrk (um 15 milljónir á núverandi seðlagengi) til þriggja ára árið 2017 til orkuskiptaverkefnis á Austurlandi en unnið er að því að byggja upp net rafhleðslustöðva á svæðinu. Árið 2018 var greiddur út annar hluti styrksins.

148.764 plöntur hafa verið gróður-settar á vegum Alcoa Fjarðaáls.

9.2.2 Skógrækt

Alcoa Fjarðaál hefur frá upphafi tekið þátt í átaki sem stofnað var til af móðurfélagi þess sem felst í að planta trjám til að binda koltvísýring og hefur þetta verið gert hér á landi í samvinnu við Skógræktarfélag Ís-

Tafla 10

Styrkveitingar 2018 – upphæðir eftir flokkum	2017
Umhverfi og náttúruvernd	55.002.496
Öryggi og heilsa	2.355.000
Menntun og þjálfun	7.350.000
Menning og félagsstörf	22.472.500
Íþróttir	21.750.000
Action verkefni	2.100.000
Alcoa Foundation styrkir	22.847.000
Samtals	133.876.996

Action verkefni á vegum Fjarðaáls 2018

Staður	Unnið fyrir	Lýsing	Upphæð
Neskaupstaður	Hollvinasamtök Fjórðungssj. Neskaupstað	Action-Fjör með Fjarðaáli. Gengið að Strútsfossi í Suðurdal	300.000
Fáskrúðsfjörður	Íbúasamtök Fáskrúðsfjarðar	Útileikvöllur á Fáskrúðsfirði. Sjálfboðaliðar þússuðu upp, báru á og máluðu leiktæki	300.000
Austurland	Stígamót	Action-Fjör með Fjarðaáli. Gengið á Snæfell til styrktar Stígamótum og verkefninu „Stígamót á staðinn“	300.000
Reyðarfjörður	Golfklúbbur Fjarðabyggðar	Gróðursett tré og gengið frá svæði umhverfis golfvöll GF	300.000
Reyðarfjörður	Kraftur	Perlað af krafti á einum degi fyrir þrjú félagasamtök	300.000
Reyðarfjörður	Krabbameinsfélag Austurlands	Perlað af krafti á einum degi fyrir þrjú félagasamtök	300.000
Reyðarfjörður	Krabbameinsfélag Austfjarða	Perlað af krafti á einum degi fyrir þrjú félagasamtök	300.000
Samtals			2.100.000

lands og félög á svæðinu. Árið 2018 voru 13.800 plöntur gróðursettar á vegum Skógræktarfélags Íslands með hjálp sjálfboðaliða. Gróðursetningin er hluti af þriggja ára verkefni, samtals 45.000 plöntur á árunum 2017–2019 sem Samfélagssjóður Alcoa styrkir gegnum American Forests. Upphæð styrksins er samtals 60.000 bandaríkjadalir eða rúmar 7,5 milljónir króna. Þá styrkti Alcoa sjálfboðaliðaverkefni fyrir Golfklúbb Reyðarfjarðar, þar sem m.a. voru gróðursettar 40 trjáplöntur. Í árslok 2018 var fjöldi plantna sem hafa verið gróðursettar á vegum Alcoa Fjarðaáls kominn í 148.764. Binding kolefnis í gróðri samsvarar bindingu um 297 tonna koltvísýrings frá því að gróðursetning hófst árið 2003.

9.2.3 Einstakt tækifæri

Samfélagssjóður Alcoa styrkir 16-18 ára unglunga sem eru áhugasamir um náttúru og vísindi til þátttöku í leiðangri um Yosemite þjóðgarðinn í Kaliforníu eða Shenandoah þjóðgarðinn í Virginíu. Ferðalagið, sem er

á vegum NatureBridge-samtakanna, tekur tvær vikur en þátttakendur eru allir á sama aldri (fyrir utan fræðimenn og aðstoðarfólk) og koma viðsvegar að úr heiminum. Samfélagssjóðurinn greiðir allan ferða- og dvalarkostnað. Frá árinu 2014 hafa 16 íslenskir unglingar verið valdir til þátttöku og árið 2018 tóku fimm íslensk ungmenni frá Austurlandi þátt. Þá býður Samfélagssjóður Alcoa í samvinnu við náttúruverndarsamtökin Earthwatch starfsmönnum Alcoa að sækja um þátttöku í leiðangri á vegum samtakanna á hverju ári. Átta starfsmenn Fjarðaáls hafa farið í Earthwatch-leiðangur á síðastliðnum árum og eftir það deilt reynslu sinni með öðrum starfsmönnum og samfélaginu sem þeir búa í.

9.3 SAMFÉLAGSVIÐBURÐIR OG SJÁLFBODAVINNA

Starfsmenn Alcoa eru hvattir til þess að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi og samfélagsverkefnum af

ýmsu tagi. Fjarðaál stendur á hverju ári fyrir nokkrum svokölluðum Action sjálfboðaviðburðum. Action er stytting á orðasambandinu „Alcoans Coming Together In Our Neighbourhood.“ Þessi hugmynd byggir á því að starfsmaður óskar eftir stuðningi annarra starfsmanna í formi vinnuframlags í sjálfboðavinnu. Þá eru félagar í samtökunum líka hvattir til að mæta, ásamt fjölskyldum sínum. Unnið er í fjóra tíma. Ef átta starfsmenn eða fleiri mæta á viðburðinn, greiðir Fjarðaál 300 þúsund krónur beint til félagasamtakanna til að standa straum af hráefniskostnaði t.d. málningu og þess háttar. Ef styrkurinn nemur hærrí upphæð en verkefni krefst, rennur umframfjárhæðin til félagsins til að nýta til góðra verka. Á hverju ári má skilgreina hluta þessara verkefna sem svokallað „hreyfiverkefni“ en í því felst að starfsmenn Alcoa ásamt fjölskyldu þeirra og fleiri þátttakendum hreyfa sig saman (t.d. í sundi eða fjallgöngu) og styrkja um leið góðgerðarsamtök með 300 þúsund króna framlagi.

ACTION VERKEFNIN

Action er stytting á orðasambandinu „Alcoans Coming Together In Our Neighbourhood.“

Á hverju ári eru unnin í sjálfboðavinnu nokkur slík verkefni á vegum Fjarðaáls í þágu góðra málefna. Hluti þessara verkefna eru „hreyfiverkefni“ en í því felst að starfsmenn Alcoa ásamt fjölskyldum hreyfa sig saman og styrkja gott málefni. Myndin er tekin á leiðinni á Snæfell í september 2018 en með göngunni voru Stígamót styrkt.



Árið 2018 var ráðist í sjö Action verkefni á vegum Fjarðaáls og þar af voru tvö hreyfiverkefni sem getið var um í kafla 8.6.2. Yfirlit yfir þau Action verkefni sem unnin voru árið 2018 má sjá í töflu 11. Í tilefni af Bleikum október stóð Fjarðaál fyrir stærsta Action verkefni sínu til þessa þegar 150 manns komu saman í matsal Fjarðaáls og perluðu af krafti fyrir þrjú krabbameinsfélög. Kraftur lagði leið sína austur og perlaði með starfsfólki Fjarðaáls og íbúum Austurlands, í samstarfi við Fjarðaál, Krabbameinsfélag Austfjarða og Krabbameinsfélag Austurlands. Samtals voru perluð 750 armbönd og er söluandvirði þeirra ein og hálf milljón. Auk þess styrkti Fjarðaál þrjú góðgerðafélög með verkefninu þar sem 300 þúsund krónur runnu til Krafts, Krabbameinsfélags Austurlands og Krabbameinsfélags Austfjarða, eða 900 þúsund krónur í allt.

9.3.1 Kvenréttindadagurinn í Fjarðaáli

Á hverju ári er konum á Austurlandi boðið að sækja Fjarðaál heim þann 19. júní í tilefni af Kvenréttindadeginum. Boðið er upp á veitingar og skemmtun í bland við fróðleik. Markmið Fjarðaáls er að hjá fyrir-

150 manns komu saman í matsal Fjarðaáls og perluðu af krafti fyrir þrjú krabbameinsfélög. Samtals voru perluð 750 armbönd og er söluandvirði þeirra ein og hálf milljón.

tækinu starfi jafn margar konur og karlar og er þessi dagur liður í því að kynna fyrirtækið fyrir konum. Helsta markmiðið með því að bjóða konum heim þennan dag er að skapa tækifæri fyrir konur á Austurlandi að koma saman og og fagna þeim árangri sem náðst hefur í jafnréttismálum á Íslandi. Árið 2018 flutti Ingibjörg Þórðardóttir framhaldsskólakennari í Verkmenntaskólanum á Neskaupstað erindi um stöðu jafnréttismála og Birna Ingadóttir áreiðanleikasérfræðingur hjá Fjarðaáli fjallaði um konur í verk- og tæknigreinum. Þá flutti Anya Hrund Shaddock tónlistarkona frá Fáskrúðsfirði nokkur lög fyrir gesti. Kynnir var Margrét Perla Kolka Leifsdóttir.

Á hverju ári er konum á Austurlandi boðið að sækja Fjarðaál heim þann 19. júní í tilefni af Kvenréttindadeginum.

9.5 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2018 – ÁRANGUR

Að samfélagsábyrgð verði sett inn í kennsluskrá Stóriðjuskólans. Markmiðið er að efla þekkingu starfsmanna á samfélagsábyrgð og vekja áhuga þeirra á að vinna verkefni því tengdu í náminu.

Ekki lokið en verður klárað sem markmið undir mannauði á næsta ári. Samfélagsábyrgð var kynnt fyrir nemendum en það þarf að innleiða slíka fræðslu í kennsluskrá með markvissari hætti.

Að lágmarki 75% íbúa á Mið-Austurlandi séu jákvæðir gagnvart Alcoa Fjarðaáli og að starfsánægja hjá Fjarðaáli haldist að lágmarki 4,22.

Markmiði náð að hálfu leyti. Ánægja íbúa er yfir 75% en starfsánægja lækkaði milli ára og náði ekki markmiðinu.

SJÁLFBÆRNI.IS
Sjálfbærni- og umhverfisverkefni á Austurlandi

9.4 SJÁLFBÆR PRÓUN Á AUSTURLANDI

Sjálfbærni- og umhverfisverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var sett á laggirnar árið 2004 til að fylgjast með áhrifum framkvæmda og reksturs Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Markmiðið er að fylgjast með þróun vísa sem í flestum tilfellum eru tölulegir mælikvarðar sem gefa vísendingu um þróun umhverfismála, efnahags og samfélags á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar. Verkefnið er kynnt á heimasíðunni <http://www.sjalbbaerni.is>. Gagnasöfnun á vegum fyrirtækjanna í verkefnið hefur nú staðið yfir í 11 ár frá því að rekstur álvers og virkjunar hófust, og hefur það vakið athygli víða út fyrir landssteinana. Ársfundur er auglýstur að vori og þar gefst öllum sem vilja kostur á að taka þátt í vinnu við mótun og framgang verkefnisins.



10

EFNAHAGUR OG VIRÐISKEÐJAN

Alcoa Fjarðaál tekur tillit til umhverfisstefnu birgja og þjónustuaðila sem fyrirtækið á viðskipti við.

Megináhersla í samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls er að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál býður út ýmsa stoðþjónustu til annarra fyrirtækja og gerir þeim þannig kleift að byggja upp starfsemi sína á svæðinu. Fyrirtækið hvetur viðskiptavinum, birgja og þjónustuaðila til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar og hyggst jafnframt setja inn ný ákvæði þess efnis í frekara mæli í samstarfs-samninga. Alcoa Fjarðaál tekur tillit til umhverfisstefnu birgja og þjónustuaðila sem fyrirtækið á viðskipti við.

10.1 LYKILTÖLUR

Útflutningsverðmæti Fjarðaáls á árinu 2018 voru tæpir 89 milljarðar

króna og af þeim tekjum urðu um 36% eftir í landinu, eða um 31,5 milljarðar króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum numu tæpum 7 milljörðum íslenskra króna.

Alcoa skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti, meðal annars í formi skattgreiðslna en félagið greiddi 1 milljarð króna í skatta og opinber gjöld⁵ á Íslandi árið 2018. Fjárfesting Alcoa Fjarðaáls var ein sú mesta sem um getur í Íslandssögunni en hún nam um 230 milljörðum króna.

Til að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækisins og til að mæta aðstæðum um hækkun launakostnaðar

⁵Opinber gjöld innihalda fasteignagjöld, vatnsskatt, gjöld til hafnarsjóða og tryggingagjöld.



Tafla 12

Lykiltölur – Upphæðir eru í milljörðum króna á gengi hvers árs	2016	2017	2018
Launagreiðslur og launatengd gjöld, þar með tryggingagjöld	5,9	6,6	6,7
Samtals greiðslur Fjarðaáls til íslenskra aðila	27,5	29,1	31,5
Brúttó útflutningur milljarðar ISK	71,2	81,2	88,6
Hlutfall innlendra innkaupa af heildartekjum félagsins	39%	36%	36%
Samtals opinber gjöld	1,0	1,0	1,0
Meðallaun starfsmanna í milljónum kr. á ári	8,6	8,7	8,8

á Íslandi, er unnið að stöðugum umbótum til að bæta framleiðni. Á árinu 2018 voru vinnustundir unnar samtals 1,16 milljónir samanborið við 1,19 milljónir árið 2017.

10.2 FJÁRMÖGNUN FYRIR-TÆKISINS

Árið 2003 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa. Samningurinn byggir á lögum 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði sem samþykkt voru frá Alþingi 11. mars það ár. Samningurinn er opinber og öllum aðgengilegur á vef Alþingis. Fjarðaál hefur alla tíð starfað í samræmi við fjárfestingarsamninginn og almenn lög sem gilda í landinu.

Í lok árs 2018 var fjármögnun Alcoa á Íslandi⁶ endurskoðuð af móðurfélaginu. Eigið fé fyrirtækisins var aukið um 1.169 milljónir dollara og

var það nýtt til að greiða niður skuld Alcoa á Íslandi við móðurfélagið um samsvarandi upphæð.

Breytingin er stórt skref í að lækka skuldir félagsins á Íslandi við móðurfélagið. Fjármagnsgjöld eða vextir af lánum hafa áhrif á afkomu fyrirtækisins og þar með á getu þess til að greiða tekjuskatt. Fleiri þættir hafa þó áhrif á þetta s.s. markaðsaðstæður, tekjur og kostnaður fyrirtækisins og svo afskriftir og uppsafnað tap:


Eins og komið hefur fram er fjárfesting Alcoa í Fjarðaáli var ein sú mesta sem um getur í Íslands-sögunni. Það er eðli fjárfestingar af slíkri stærðargráðu að hagnaður af starfsemi fyrstu árin verður ekki mikill, ef nokkur, vegna mikilla afskrifta og hás fjármagnskostnaðar og hefur því áhrif á hvenær fyrirtækið byrjar að greiða tekjuskatt. Fjármagnsliðir, svo sem vextir af lánum, hafa áhrif á afkomu og þar

með skattgreiðslur fyrirtækja. Fjármögnunin vegna álversins við Reyðarfjörð kom frá móðurfélaginu. Vextirnir sem Alcoa á Íslandi hefur greitt af þessum lánum hafa ávallt verið samkeppnishæfir og vel það við vexti sem þekkjast á íslenska fjármálamarkaðinum. Samkvæmt fjárfestingarsamningi Alcoa við íslenska ríkið eru allir lánavextir félagsins frádáttarbærir frá skatti. Þar sem eigið fé fyrirtækisins hefur nú aukist getur það greitt hraðar niður skuldir sínar við móðurfélagið. Því ætti Alcoa á Íslandi að geta greitt fjármagnstekjuskatt hér á landi fyrr en ella. Það verður þó áfram háð afkomu fyrirtækisins.

Uppsafnað skattalegt tap hefur einnig áhrif á skattgreiðslur. Á upphafsárum starfseminnar var þetta tap mikið á sama tíma og kostnaður var hár og tekjur litlar sem engar. Hluti af þessu skattalega tapi hefur verið afskrifað en fyrirtækið mun halda áfram að nýta það sem eftir


Mynd 14

ÞRÓUN SKULDAR VIÐ MÓÐURFÉLAGIÐ, VAXTAGREIÐSLUR OG EBITDA



Mynd 15

ÞRÓUN VAXTA Á LÁNUM FJARÐAÁLS VIÐ MÓÐURFÉLAGIÐ



⁶Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. eru eignarhaldsfélög Alcoa Fjarðaáls sf.



stendur eða safnast upp af skatta-
lega tapi í samræmi við lög og
reglugerðir.

Alcoa á Íslandi hefur mikil og já-
kvæð áhrif á íslenskan efnahag með
öflun gjaldeyristekna, innkaupum á
innlendri vöru og þjónustu, greiðslu
skatta og opinberra gjalda, sköpun
fjölmargra vel launaðra starfa og al-
mennum og víðtækum stuðningi við
samfélagið á Austurlandi. Afkoma
fyrirtækisins mun ráða því hvenær
það mun greiða tekjuskatt hér á
landi og því er ekki hægt að tiltaka
þann tímapunkt. Með batnandi
afkomu mun fyrirtækið væntanlega
skipa sér ofarlega á lista tekju-
skattsgreiðenda á Íslandi þegar
fram líða stundir.

10.3 SAMSTARF VIÐ BIRGJA

Alcoa leggur áherslu á að stunda
viðskipti á siðferðilegan og sam-
félagsvænan hátt í anda sjálf-
bærrar þróunar og hefur sömu

væntingar til þeirra fyrirtækja
sem skipt er við. Til að tryggja að
þessari grundvallarreglu sé fylgt
eftir er fyrirtækið félagi í TRACE
eftirlitskerfinu, sem rekið er af
TRACE International. TRACE nýtir
skilvirkar aðferðir til að framkvæma
áreiðanleikakönnun til grunnvið-
miðunar á kerfisbundinn hátt með
því að safna upplýsingum frá fyrir-
tækjum um allan heim. TRACE ber
þær upplýsingar saman við valista
sem stjórnvöld ýmissa landa og
alþjóðastofnanir hafa komið sér
upp. Gerð er krafa um að erlendir
birgjar séu skráðir í þetta kerfi. Ekki
hafa komið upp athugasemdir vegna
birgja Fjarðaáls.

Alcoa hefur einnig valið fyrir-
tækið EcoVadis CSR til samtarfs.
EcoVadis er sérhæft á sviði sam-
félagslegrar ábyrgðar fyrirtækja
og hefur innleitt rafræn kerfi til að
auka gegnsæi, staðla skýrslugerð
og auðvelda frammistöðuþrófun og
ferlaumbætur sem draga úr vinnu-
álagi vegna samfélagslegrar ábyrgð-

ar fyrirtækja með því að gera þeim
kleift að deila stigaspjaldi sínu með
viðskiptavinum sínum.

Alcoa leggur áherslu á að stunda viðskipti á siðferðilegan og samfélagsvænan hátt í anda sjálf- bærrar þróunar.

Sérstakur forvalsgrunnur er notað-
ur við val á birgjum sem vinna innan
lóðar Alcoa Fjarðaáls, en nýjrir birgji-
ar þurfa að svara spurningum sam-
kvæmt birgjastaðli Alcoa. Á þeim
forsendum er tekin ákvörðun hvort
birgjar teljast hæfir til samtarfs.
Lögð er áhersla á fylgni við gildandi
lög og reglugerðir og ábyrgð í um-
hverfis-, heilsu- og öryggismálum.
Einnig er gerð krafa um að umsækj-

endur svari spurningum varðandi
spillingu og að vinnuréttindi starfs-
fólks séu virt. Alcoa Fjarðaál hefur
þurft að hafna tveimur innlendum
birgjum frá upphafi, sem ekki upp-
fylltu þær kröfur sem gerðar eru.
Þær koma m.a. inn á öryggisþætti,
líkt og slysatíðni og öryggismenn-
ingu.

Krafa er gerð um að fyrirtæki sem
vinna fyrir Alcoa Fjarðaál uppfylli
ákvæði kjarasamnings við stéttar-
félög og gildir það jafnt um verk-
taka sem og þeirra undirverktaka.
Einstaklingar verða að hafa náð 18
ára aldri til að fá að vinna á svæðinu.

Fyrirtækið á í reglubundnum sam-
skiptum við birgja og hvetur þá til
góðra verka í samfélags- og um-
hverfismálum og veitir leiðsögn ef
svo ber undir. Jafnframt hvetur fyrir-
tækið starfsmenn birgja og verktaka
að taka þátt í sjálfbærniáætlun-
efnum á vegum fyrirtækisins.

10.4 INNKAUPANET

Alcoa Fjarðaál er einn stofnfélaga
Innkaupanets sem stofnað
var árið 2014 í samvinnu við
Umhverfisstofnun. Leitast er við
að lágmarka umhverfisáhrif frá
innkaupum ár frá ári í gegnum
vistvæn innkaup og gera árangur
þeirra sýnilegan. Stuðst er við
umhverfismerkingar og -vottanir
í innkaupum á vöru og þjónustu
er koma að rekstri fyrirtækisins.
Má m.a. nefna að fyrirtæki sem
sinnir ræstingum á svæðinu er
Svansvottað og aðeins er notast við
Svansvottaðar prentsmiðjur til að
prenta útgefið efni fyrirtækisins.

Leitast er við að lág- marka umhverfis- áhrif frá innkaupum ár frá ári í gegnum vistvæn innkaup.

10.5 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2018 – ÁRANGUR

Birta ársreikning með hlutdeildaraðferð, sem líkja má við
samstæðureikning. Tilgangurinn er að bæta gegnsæi í
fjármálaupplýsingum fyrirtækisins.

Ársreikningur var birtur með hlutdeildaraðferð, sem líkja má
við samstæðureikning. Tilgangurinn er að bæta gegnsæi í
fjármálaupplýsingum fyrirtækisins.

Stefnt er að því að 100% af rekstrarvöru sem keypt er inn á
skrifstofur séu umhverfisvottaðar

Stærstur hluti rekstrarvara fyrir skrifstofur er umhverfisvottaður
eða 75%, og markmiðinu því ekki náð. Áfram verður unnið að því að
skipta út þeim vörum sem ekki flokkast undir það.

Notkun á einnota drykkjarmálum verði alfarið hætt þar sem því er
viðkomið og umhverfisvænni kostur valinn í stað plastglasa sem eru í
notkun nú.

Dreifingu plastglasa hefur verið hætt á kaffistofum þar sem
aðstæður leyfa að annað sé notað. Áfram verður unnið að því að
útrýma notkun einnota drykkjarmála með það að markmiði að nýta
umhverfisvænni kosti.

Að sett verði í samninga við stærstu birgja Alcoa Fjarðaáls ákvæði um
markmið að lækkuðu kolefnisfótspori.

Þessi umræða hefur verið tekin við fyrirtæki á sviði samgangna
og flutninga á reglubundnum mánaðarfundum. Enn sem komið
er er þetta ákvæði einungis komið inn í einn samning sem
gerður var á síðasta ári. Áfram verður unnið að því að koma þessu
ákvæði inn í aðra samninga þegar heildarsamningar verða teknir til
endurskoðunar. Stefnt er að því að þetta ákvæði verði komið inn í
alla samninga við birgja árið 2020.

10.5.1 FRAMVINDA ELDRI MARKMIÐA

Svansvottun var ekki innleidd hjá mötuneyti Fjarðaáls á árinu en tals-
verð vinna hefur verið lögð í upplýsingaöflun og undirbúning. Þeirri
vinnu verður haldið áfram með það að markmiði að fá umhverfisvottun
á starfsemi mötuneytis fyrirtækisins, sem rekið er af þriðja aðila.

11

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA Á GRÆNU BÓKHALDI KAFLA 7.2

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Alcoa Fjarðaáls sf. fyrir árið 2018. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Alcoa Fjarðaál sf. er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar, flokk 2.1 álframleiðsla. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Alcoa Fjarðaáls sf. og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna hvort upplýsingar og gögn sem sett eru fram í umhverfisskýrslunni séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og niðurstöður viðurkenndra mælinga.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi góða mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2018, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 15.04.2019
VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson
efnaverkfræðingur

12

GRI -YFIRLITSTAFLA

GRI staðlar tilvísun	Titill	Skýrslugjöf	Kafla í skýrslu
STEFNA OG GREINING			
102-14	Ávarp forstjóra	Já	3
102-15	Helstu áhrifaþættir starfseminnar, áhættur og tækifæri	Já	5
UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI			
102-1	Nafn fyrirtækis	Já	Alcoa Fjarðaál sf.
102-2	Helstu vörur og þjónusta	Já	6.1
102-3	Staðsetning	Já	6
102-4	Fjöldi landa og þau lönd sem fyrirtækið starfar í og hefur umtalsverð áhrif á nærsamfélagið	Á ekki við	Skýrslan tekur einungis yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.
102-5	Eignarhald og rekstarform	Já	6
102-6	Markaðir og viðskiptavinir	Já	6.1
102-7	Stærð og umfang fyrirtækis	Já	6.2
102-8	Samsetning vinnuaflds	Já	8, 8.3.1, 8.3.2, 8.3.3
102-41	Hlutfall kjarasamningsbundinna starfsmanna	Já	8
102-9	Virðisbætur	Já	10, 10.1, 10.3
102-10	Umtalsverðar breytingar á tímabili	Já	Engar umtalsverðar breytingar voru gerðar á tímabilinu
ÞÁTTAKA Í YTRI VERKEFNUM			
102-11	Notkun á varúðarreglum	Já	Starfsreglur Alcoa
102-12	Utanaðkomandi efnahags- umhverfis- og/eða samfélagsviðmið og reglur sem fyrirtækið fer eftir eða styðst við	Já	1, 2, 3, 4, 6.1, 7, 8, 8.3, 8.3.3, 8.4, 8.5, 10.2
102-13	Aðild að samtökum og/eða þar sem fyrirtækið á fulltrúa í stjórn, tekur þátt íslenskum/alþjóðlegum þrýstihópum verkefnum, leggur til fé eða lítur á aðild sem mikilvæga	Já	9.1.6

GRI staðlar tilvísun	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu
UMFANG OG TAKMARKANIR Á EFNISTÖKUM SKÝRSLUNNAR			
102-45	Fyrirtæki sem eru inni í samstæðureikningi	Já	Þessi skýrsla nær eingöngu yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.
102-46	Greining á efnistöku, verkferlum og afmörkun skýrslunnar	Já	1
102-47	Lýsing og skilgreining þátta sem höfðu áhrif á efnistöku skýrslunnar	Já	1
103-1	Upplýsingar um takmarkanir á umfangi og efnistöku um skýrslunnar	Á ekki við	Þessi skýrsla nær eingöngu yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.
102-48	Útskýring á breyttri framsetningu á upplýsingum miðað við eldri skýrslur	Á ekki við	
102-49	Útskýring á breytingum á framsetningu skýrslunnar er varðar umfang, takmarkanir og/eða mæliaðferðir	Á ekki við	

ÞÁTTAKA HAGSMUNAAÐILA

102-40	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Já	9.1
102-42	Skilgreining á vali hagsmunaaðila	Já	9.1
102-43	Samstarf við hagsmunaaðila og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs eftir eðli og hagsmunahópum	Já	7, 9, 9.1.1, 9.1.3, 9.1.4, 9.1.5, 9.1.6
102-44	Helstu viðfangsefni og málefni sem hafa komið upp í tengslum við hagsmunaaðila og viðbrögð	Já	7.1, 8.3.1, 8.6.2, 8.8, 9.1.2, 9.1.5, 9.1.6

VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR

102-50	Tímabil skýrslugjafar	Já	Almanaksárið 2018
102-51	Dagsetning síðustu samfélagsskýrslu	Já	30.4.2019
102-52	Tíðni skýrslugjafar	Já	Árleg
102-53	Tengiliðir varðandi fyrirspurnir um skýrsluna	Já	Baksíða
102-54	Ferli og skýrslugerð í samræmi við GRI staðla	Já	1
102-56	Ytri ráðgjöf á stefnumótun og starfsháttum í tengslum við skýrslugerðina	Já	1
102-55	GRI efnisyfirlit	Já	-
102-22	Samsetning framkvæmdastjórnar og undirnefnda	Já	1, 2, 8, 8.2, 8.3
102-23	Tilgreinið hvort stjórnarformaður sé einnig framkvæmdastjóri	Já	Stjórnarformaður er ekki framkvæmdastjóri

STJÓRNARHÆTTIR

102-25	Ferlar sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá framkvæmdastjórn	Já	Stefna Alcoa Corp. gegn spillingu
102-34	Eðli og umfang atriða/málefna sem vísað var til framkvæmdastjórnar	Á ekki við	
102-35	Skýrið kjarastefnu framkvæmdastjórnar	Já	Laun framkvæmdastjóra taka mið af markaðslaunum starfsmanna í sambærilegum störfum hjá fyrirtækjum í sambærilegum iðnaði og þróun á milli ára samkvæmt niðurstöðum kjarakannana

GRI staðlar tilvísun	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu
SÍÐFERÐI OG HEILINDI			
102-38	Siðareglur, gildi, reglur	Já	Starfsreglur Alcoa
102-17	Ráðgjöf vegna siðferðilegra og lagalegra málefna	Já	Heilindalínan
102-17	Skilgreining á innri og ytri ferlum sem fylgt er eftir til að upplýsa um ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins	Já	Heilindalínan

UMHVERFI

305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu (Scope 1)	Já	7.4.1
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (Scope 2)	Já	7.4.1
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Scope 3)	Já, að hluta	7.4.1: Stefnt á að bæta við upplýsingum um flug starfsmanna fyrir árið 2019
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu	Já	7.2
305-5	Lækkun/lágmörkun gróðurhúsalofttegunda	Já	7.2, 7.4.1.
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs (SOx) og önnur umtalsverð losun	Á ekki við	Losun þessara lofttegunda er óverulegur hluti af heildarlosun fyrirtækisins
301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli	Já	7.1, 7.3
301-2	Hlutfall nýtttra efna sem koma frá endurvinnslu	Já	7.3, 7.7
302-1	Orkunotkun innan fyrirtækisins	Já	7.1, 7.3
302-2	Orkunotkun utan fyrirtækisins	Að hluta	7.2: Stefnt á bættu upplýsingargjöf fyrir árið 2019
302-3	Orkunotkun á hverja framleiðslueiningu	Já	7.3
302-4	Minnkun/lágmörkun orkunotkunar	Já	7.3
302-5	Minnkun/lágmörkun í orkuþörf vöru og þjónustu	Ekki mælt	Stefnt á bættu upplýsingargjöf fyrir árið 2019
306-1	Heildar vatnsfrárennsli eftir gæðum og viðtökustað	Á ekki við	
306-2	Heildarmagn úrgangs eftir tegund og ráðstöfunar- aðferð	Já	7.3, 7.7
306-3	Heildarfjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka	Já	Engir marktækir efnalekar, >20l, voru út í umhverfi á árinu 2018
303-1	Heildarvatnsnotkun eftir uppruna	Já	Vatn er upprunnið frá vatnsbóli Fjarða- byggðar við Geithúsaá
303-3	Hlutfall og heildarrúmmál vatns sem er endurunnið og notað	Já	7.3

MANNAUÐUR

401-1	Heildarfjöldi nýrra starfsmanna og starfsmannavelta eftir aldri, kyni og búsetu	Já	8.2: Starfsmannavelta er ekki skilgreind eftir búsetu.
401-2	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna í fullri vinnu sem hluta- eða lausráðnir starfsmenn fá ekki	Já	8.7
401-3	Hlutfall starfsmanna sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingarorlof, skipt eftir kyni	Já	8
402-1	Lágmarksfyrirvari á tilkynningum vegna breytingar í starfsemi, að meðtöldum þeim sem eru tilteknaðir í kjarasamningum	Já	Liður 4.5 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ.

GRI staðlar tilvísun	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu
MANNAUÐUR FRH.			
403-1	Hlutfall heildarstarfsmannafjölda sem tekur þátt í sameiginlegum heilsu- og öryggisnefndum stjórnenda og almennra starfsmanna sem ætlað er að fylgjast með og veita ráðgjöf vegna heilsu og öryggis starfsmanna	Já	8.5
403-2	Tegund og hlutfall meiðsla, starfstengdra sjúkdóma, tapaðra vinnudaga, fjarvista og heildarfjöldi vinnutengdra banaslysa, eftir svæði og kyni	Já	8.5.1: Upplýsingar eru ekki gefnar upp eftir kyni
403-3	Starfsmenn sem eru í hættu á að þróa með sér atvinnutengda sjúkdóma á vinnustaðnum	Já, að hluta	8.6
403-4	Heilsu- og öryggismálefni sem fjallað er um í formlegum kjarasamningum við verkalýðsfélög	Já	Liður 7 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ
404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsmenn fá í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein	Já	8.8: Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein
404-2	Námskeið í fagkunnáttu og endurmenntun sem viðhalda ráðningarhæfi starfsmanna og hjálpa þeim við starfslok	Já	8.8: Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein
404-3	Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmanna-samtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki	Já	Í vinnustaðgreiningu Gallup sögðust 59% starfsmanna hafa fengið endurgjöf á frammistöðu frá yfirmanni sínum síðustu 6 mánuði á undan og 72% starfsmanna voru sammála því að hafa fengið tækifæri til starfsþróunar á síðastliðnum 12 mánuðum
405-1	Samsetning eftirlits- og stjórnunarstofnana og skipting starfsmanna eftir starfaflokkun, kyni, aldri, minnihlutahópum, og öðrum vísnum varðandi fjölbreytileika	Já	8
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfaflokkun og helstu starfsstöðvum	Já	8.3.2

SAMFÉLAG

205-1	Heildarfjöldi og hlutfall aðgerða sem hafa verið metnar varðandi áhættu á spillingu og borin kennsl á helstu hættur	Ekki mælt	Heilindalínán
205-2	Miðlun og þjálfun í stefnu gegn spillingu og ferlum sem tengjast henni	Já	8.8
205-3	Staðfest atvik varðandi spillingu og til hvaða aðgerða var gripið	Já	Engin atvik voru tilkynnt á árinu 2018. Ef upp koma brot eru þau tilkynnt til í kerfi sem heitir Navex, sem heldur utan um allar tilkynningar. Allt sem er tilkynnt ber að rannsaka. Tilkynningum er fylgt eftir af lögfræðideildinni í Genf
206-1	Heildarfjöldi lögsókna vegna brota á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokun, ásamt niðurstöðu þeirra	Já	Engin brot voru tilkynnt á árinu 2018. Ef upp koma brot eru þau tilkynnt til í kerfi sem heitir Navex, sem heldur utan um allar tilkynningar. Allt sem er tilkynnt ber að rannsaka. Tilkynningum er fylgt eftir af lögfræðideildinni í Genf

GRI staðlar tilvísun	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu
SAMFÉLAG FRH.			
419-1	Upphæðir verulegra sekta og heildarfjöldi efnislegra refsiaðgerða fyrir brot á lögum og reglugerðum	Já	Alcoa Fjarðaál hlaut engar sektir á árinu 2018
413-1	Hlutfall starfsstöðva sem hafa innleitt samfélagsábyrgð, mat á áhrifum (umhverfis- og þjóðfélagslegum) og þróunaráætlunum	Á ekki við	
413-2	Starfsstöðvar með talsverð raunveruleg og hugsanlega neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Já	7

EFNAHAGUR

202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins	Já	Allir stjórnendur Fjarðaáls eru úr nærsamfélagi
201-1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast og verið dreift	Já	10.1
201-2	Tilkostnaður og aðrar hættur og tækifæri fyrir starfsemi fyrirtækisins vegna loftslagsbreytinga	Já, að hluta	6, 7.4, 7.4.1: Starfsemi Fjarðaáls fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við lög 70/2012 um loftslagsmál
201-3	Tryggingar fyrirtækisins vegna tiltekinnar bótaáætlunar	Á ekki við	Fjarðaál greiðir mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna í samræmi við gildandi kröfur
201-4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera	Já	10.2

VIRÐISKEÐJAN

414-1	Hlutfall nýrra birgja sem voru skimaðir með notkun viðmiða um samfélagslega þætti	Já	10.3: 100%
414-2	Helstu raunveruleg og hugsanleg neikvæð áhrif á samfélagslega þætti í aðfangakeðju og aðgerðir sem gripið var til	Já	10.3
204-1	Hlutfall útgjalda til staðbundinna birgja hjá fyrirtækinu	Já	10, 10.1
407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem hugsanlega hafa brotið á rétti einstaklingsins til félagafrelsis og kjarasmaninga, eða gætu talist mjög líkleg til þess, auk aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að tryggja þennan rétt	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2018
408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru talin mjög líkleg til að nýta sér barnaþrælkun, auk aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að útrýma barnaþrælkun	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2018
409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru talin líkleg til að nýta ófrjálst vinnuafli í nauðungarvinnu, auk aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að útrýma þvingaðri vinnu eða nauðungarvinnu	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2018

STEFNU- YFIRLÝSING FJARÐAÁLS

GILDI

Heilindi

Við erum heiðarleg, ábyrg og fylgjum í hvívetna lögum og reglugerðum. Við tryggjum öryggi gagna og persónuupplýsinga fyrirtækisins. Við byggjum upp traust með opnum samskiptum við kaupendur, birgja og starfsfólk.

Árangur

Stöðugar umbætur eru undirstaða góðs árangurs Fjarðaáls. Við stefnum alltaf að bestu gæðum og framleiðni til að mæta kröfum og fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við erum stöðugt að finna nýjar leiðir til að vernda umhverfið og starfsfólk á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt.


Umhyggja

Við vinnum á öruggan hátt, stuðlum að velferð starfsfólks og eflum helgun þeirra með þjálfun, hvatningu og fjölbreytileika í samsetningu teyma. Hver einstaklingur nýtir hæfileika sína á eigin forsendum óháð uppruna, kyni og bakgrunni.

FRAMTÍÐARSÝN

Alcoa Fjarðaál byggir upp fyrirtækjameningu með sameiginlegri sýn um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi. Starfsmenn Fjarðaáls vinna á öruggan og ábyrgan hátt, með virðingu fyrir umhverfinu. Við förnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

Reyðarfirði, 1. október 2017



Magnús Þór Ásmundsson
Forstjóri Alcoa Fjarðaáls

Ábyrgðaraðili skýrslu:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls
dagmar.stefansdottir@alcoa.com

Ritstjórn: Dagný Björk Reynisdóttir

Ráðgjöf: Soffía Sigurgeirsdóttir

ISO 9001
ISO 14001
OHSAS 18001
BUREAU VERITAS
Certification



